

ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1944



Á landið að bláa app?

Ákveð. Einar, Nn.

REYKJAVÍK MEMXLIV — ÍSAPHILDAÐRÆNTSMÍÐJA H.F.

Timburverzlunin

Völundur h. f.

Reykjavík.

helur venjulega lýrtiliggjandi:

allt venjulegt timbur,
girðigarnstépa,
gölfista,
karpalista (gerlisti),
loftlista,
kross-spón,
mýr-spón,
leik,
veggplötur,
snúm,
bakappa.

Frá trésmíðju félagsins fást venjulega afgreitt:

plannar,
kúrnir,
margskótar listar,
hrífubúðar,
hrífaskóti,
mí.

Stærsta timburverzlun og trésmíðja landsins.

Stærsta: Völundur

ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1944

EFNISYFIRLIT:

Formáli	bls. 5
Hannes Hafstein: Aldamótaljóð	- 7
Hákon Bjarnason: Um útbreiðslu skóga og skógarnytjar	- 10
Ingvar Gunnarsson: Hellisgerði	- 36
Bergur Jónsson: Erindi flutt í Hellisgerði	- 41
Hákon Bjarnason: Gjöf Jóns Guðmundssonar	- 48
Hákon Bjarnason: Landgræðslusjóður	- 51
Hákon Bjarnason: Starf skógræktar ríkisins 1943	- 54
Nýr skógræktarsjóður	- 63
Guðmundur Marteinnsson: Starfsemi Skógræktarfélags Íslands 1943	- 65
Skýrslur skógræktarfélaganna 1943	- 79

Formáli.

Sakir þess, hve Ársritið verður síðbúið í ár, þykir hlýða að biðja skógræktarféлага að afsaka drátt þann, sem orðið hefir á útkomu þess. Margvíslegar annir hafa tafið, en einkum hefir undirbúningurinn að stofnun Landgræðslusjóðs valdið töfum. Eru lesendur beðnir að virða þetta á betra veg.

Enn fremur er ritið í ár minna en verið hefir, en meira efni hefir eigi borizt að. Í því sambandi má geta þess, að greinir um skógræktarmál eða trjárækt munu vel þegnar og birtar í ritinu, ef að menn skyldu vilja skrifa um þessi mál. Gæti verið fróðlegt að fá ritgerðir um reynslu manna í þessum efnum og líka væri þakkarvert, ef að einhverjir vildu taka saman sögu skóga í byggðarlögum sinum og lýsa þeim skógaleifum, sem eftir kunna að vera.

Í Ársritunum 1940 og 1943 voru prentuð upp kvæði tveggja góðskálda, sem kveðin hafa verið um gróður og skóga. Þykir nú ekki úr vegi að endurprenta Aldamótaljód Hannesar Hafsteins, því að þau eru slík hvöt til alþjóðar, að þeirra má gjarnan minnst í sambandi við lýðveldisstofnunina á Íslandi. Hin spámannlegu orð skáldsins mættu minna lesendur á athafnamanninn Hannes Hafstein og þann þátt, sem hann hefir átt í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, þátt, sem gleymzt hefir að miklu leyti við hátíðahöldin 17. og 18. júní.

Í ritinu eru greinar tvær eftir höfunda, sem eigi hafa ritað í það áður. Sú fyrri er um Hellisgerði, rituð af Ingvari Gunnarssyni, kennara í Hafnarfirði, en hann hefir séð um ræktun gerðisins frá upphafi og fram til þessa. Hin er ræða, sem Bergur Jónsson, bæjarfógeti, hélt í Hafnarfirði á Jónsmessuhátíð Hellisgerðis. Annað er ekki í ritinu, sem ástæða er til að geta í formála.

Hannes Hafstein:

Aldamótaljóð.

*Drottinn, sem veittir frægð og heill til forna,
farsæld og manndáð, vek oss endurborna.
Strjúk oss af augum nótt og harm þess horfna,
hniginnar aldar tárin láttu þorna.*

*Dagur er risinn, öld af öld er borin,
aldarsól ný er send að skapa vorin.
Árdegið kallar, áfram liggja sporin.
Enn er ei vorri framtíð stakkur skorinn.*

*Aldar á morgni vöknum til að vinna,
vöknum og týgjumst, nóg er til að sinna.
Hátt ber að stefna, von við traust að tvinna,
takmark og heit og efndir saman þrinna.*

*Fjallkonan unga, yngst af Norðurlöndum,
ómínn fær heyrt af dáð frá systra ströndum.
Bíður með þrá, sem ástmey örmum þöndum,
eftir þeim svein, er leysi hana af böndum.*

*Sólgeislahár um herðar bjartar fellur,
hátt móti röðli fannhvítt brjóstið svellur.
Eldheitt í barmi æskublóðið vellur,
aldanna hrönn að fótum henni skellur.*

Kraftinn hún finnur: Öfl í æðum funa,
ólgandi fossa kynjamögnin duna.
Auðlindir sjávar ótæmandi bruna.
Ónotuð frjógnótt beiskju vekur muna.

Veit hún að hún er ei af kotungskyni,
kann og að fóstura marga vaska syni.
Mænir nú hljóð gegn ungrar alda skini:
Á hún þar von á lengi þráðum vini?

Sú kemur tíð, er upp af alda hvarfi
upp rís þú, Frón, og gengur frjálst að arfi.
Öflin þín huldu geisast sterk að starfi,
steinurðir skreytir aftur gróðrar farfi.

Sú kemur tíð, er sárin foldar gróa,
sveitirnar fyllast, akrar hylja móa,
brauð veitir sonum móðurmoldin frjóa,
menningin vex í lundi nýrra skóga.

Sé ég í anda knör og vagna knúða,
krafti, sem vannst úr fossa þinna sknúða,
stritandi vélar, starfsmenn glaða og prúða,
stjórnfrjálsa þjóð, með verzlun eigin búða.

Íslenzkir menn! Hvað öldin ber í skildi,
enginn fær séð, hve feginn sem hann vildi.
Eitt er þó víst: Hún geymir hel og hildi.
Hlífi þér, ættjörð, guð í sinni mildi.

Hitt er og víst, að áfram, áfram miðar.
Upp, fram til ljóssins tímans lúður kliðar.
Öldin oss vekur ei til væðarfriðar.
Ung er hún sjálf, og heimtar starf, án biðar.

*Starfið er margt, en eitt er bræðra bandið,
boðorðið, hvar sem þér í fylking standið,
hvernig sem stríðið þá og þá er blandið,
það er: Að elska, byggja og treysta á landið.*

*Þá mun sá guð, sem veitti frægð til forna,
fósturjörð vora reisa endurborna.
Þá munu bætast harmasár þess horfna,
hugsjónir rætast. Þá mun aftur morgna.*

Hákon Bjarnason:

Um útbreiðslu skóga og skógarnytjar

FORMÁLSORÐ:

Í grein þessari mun reynt að skýra, í hverju nytsemi skóga sé fólgin, en einkum mun rætt um, hvaða nytjar hafi verið af skógum landsins og hverra nytja megi vænta af skógrækt hér á landi.

Nytjar skóga skiptast í tvo flokka. Annars vegar eru allar nytjar, sem ýmist koma allri þjóðinni eða hópum manna að sameiginlegum notum, en hins vegar eru hinar beinu nytjar, sem eigandi skógar hefir einn gagn af.

Hinar sameiginlegu skógarnytjar koma af því, að skógur vex á einhverjum stöðum, og menn njóta þeirra líkt og bjarkarilmsins, hvort sem þeir kæra sig um það eða ekki. Hinar beinu nytjar eru einkum fólgnar í viðarafurðum skóganna.

Ágætt dæmi sameiginlegra skógarnytja er gagnið, sem af því fæst, að skógur vex í bröttum fjallahlíðum. Allir, sem búa í námunda hlíðanna, njóta þess, að jarðvegurinn eyðist ekki, að skógurinn minnkar skriðuhættuna úr hlíðunum, að vatnavextir verða ekki eins örir undir skógivöxnum hlíðum og nöktum, að raki helzt lengur í jarðvegi meðfram hlíðunum, er þurrkar ganga, og loks er fegurð og frjósemi landsins meiri, þar sem trjágróður vex. Hins vegar er auðséð, að eigandi eða eigendur slíkra skóga

gætu ef til vill haft mest stundargagn af því að ryðja þá og selja viðinn.

Það er ljóst, að oft og tíðum geta hagsmunir heils byggðarlags og jafnvel allrar þjóðarinnar rekizt á hagsmuni skógareigenda, og þá verður löggjafarvaldið að skera úr um, hvorra hagsmuni beri að meta meira. Nú er því svo komið í öllum menningarlöndum, að umráðaréttur skógareigenda á skógum er ýmsum takmörkunum bundinn. Enda hefir sú raunin orðið á, að takmarkalaus umráðaréttur á skógum hefir orðið mörgum þjóðum til óbætanlegs tjóns. Til þess að koma í veg fyrir gegndarlausu meðferð skóga, hafa margar þjóðir tekið upp þá stefnu að gera skógana að eign ríkisins og miða rekstur þeirra fyrst og fremst við hagsmuni þjóðfélagsins.

Um þetta atriði skal eigi fjölyrt, en nú skal fyrst vikið að hinum sameiginlegu skógarnytjum, en að því loknu mun rætt um hinar beinu nytjar.

HINAR SAMEIGINLEGU SKÓGARNYTJAR.

Greinilegast er að skipta hinum sameiginlegu skógarnytjum í nokkra flokka og ræða um hvern flokk sérstaklega. Má flokka þær á eftirfarandi hátt.

1. Áhrif skóga á veðráttuna.
2. Áhrif skóga á miðlun úrkomunnar.
3. Landvarnarmáttur skóganna.
4. Skógur sem vinnugjafi.
5. Skógurinn sem yndisauki og heilsulind.

Veðráttan og skógarnir.

Mjög mikið hefir verið ritað og rætt um hin góðu áhrif skóga á veðurfar hinna einstöku landa, allt frá dögum Rómverja og fram á síðustu ár. Hefir því verið haldið fram öld eftir öld, að skógar milduðu loftslagið, en þótt undarlegt megi virðast, hefir verið mjög erfitt að færa nokkrar sönnur á þetta fyrr en umfangsmiklar hitamæl-

ingar komu til sögunnar, og þá kom hið einkennilega í ljós, að áhrif skóganna voru miklu minni heldur en flestir höfðu ímyndað sér. Mælingarnar sýndu, að á sumrin er hiti í skóglendum aðeins undir meðalhita umhverfisins, en á vetrum er hitinn aðeins meiri innan skóga en utan. Munurinn er ekki nema sáralítill, aðeins um hálft til heilt stig, og hefir því ekki verulega þýðingu fyrir löndin í heild. En það, sem sjálfsagt hefir glapið menn áður en mælingar komu til sögunnar, voru skjólin, sem eru í og umhverfis skóga. Enda eru það þau, sem að sjálfsgöðu hafa mest áhrif á allan gróður og aðrar lifandi verur í og við skógana. En skjólin eru mjög staðbundin og ná aðeins skammt út fyrir skógamörkin. Þess vegna hafa menn tekið þann kostinn á flatlandum, skjóllausum löndum að gróðursetja tré til skjóls í beltum eða lundum. Í síðasta Ársriti félagsins er ýtarleg grein um þetta efni eftir Gísli Þorkelsson, svo að óþarfi er að fjölyrða um það hér.

Fyrirum var því oft haldið fram að miklir skógar drægju til sín úrkomu, en það hefir reynzt erfitt mjög að rökstyðja þá staðhæfingu. Hins vegar hefir verið jafn erfitt að færa rök fyrir því, að skógar drægju ekki til sín úrkomu, svo að þetta er óleyst ennþá. Virðist ástæðulaust að gera mikið úr áhrifum skóga á veðurfar landanna í heild, nema að þau séu álíka skógi vaxin og Finnland eða Svíþjóð. Í Svíþjóð eru margir á þeirri skoðun, að skógarnir mildi mjög loftslagið og dragi úr snöggum umskiptum veðurs.

Skógarnir og miðlun vatns.

Áhrif skóga á miðlun vatns, sem fellur til jarðar við úrkomu, eru mjög mikil. Þegar rignir, sezt mikið af vatni á greinar, blöð og stofna trjáanna og sígur þaðan hægt til jarðar. Jarðvegur í skóglendum er miklu svampkenndari en jarðvegur utan skógar og hefir því langtum meiri hæfni til að binda vatn og geyma en önnur jörð. Skógargróður notar líka langtum meira vatn en annar gróður.

Erlendar mælingar hafa sýnt, að akurlendi notar aðeins 43% og beitiland eigi meira en 22% af vatnsmagni því, sem skógar nota. Auðvitað getur munurinn á vatnsnotkun skóg- og kjarlendis hér á landi og annars gróðurlendis eigi verið eins mikill og þessar mælingar sýna, en eigi að síður má gera ráð fyrir, að hann sé töluverður. Þetta atriði er mjög þýðingarmikið í löndum, sem hafa mikla úrkomu eins og Ísland, enda munu margar mýrarnar hér hafa fyrst orðið til, er skógur var ruddur. Ennfremur verða skógaeyðingar í fjallahlíðum oft til þess, að annar gróður hverfur þaðan og jarðvegur rennur fram. Sandur, mold og leir berst þá fram með leysingarvatni, og sezt það til í farvegum lækja og áa eða berst út til sjávar. Við ósa stórra vatnsfalla myndast stórar eyrar og leirur, er skógur er ruddur við upptök þeirra. Með álandsvindi getur sandurinn borizt á land og valdið sandfoki og miklum skemmdum. Margir eru á þeirri skoðun, að upphaf sandfoksins á Jótlandi á 15. öld megi rekja til mikilla skógaeyðinga, sem átt höfðu sér stað við upptök fljótsins Elbu nokkrum tugum ára áður. Hin miklu vatnsflóð stórfljóta í Norður-Ameríku og Austur-Asíu, sem um getur í fréttum, þegar þau valda miklu tjóni, eru ekki annað en bein afleiðing mikilla skógaskemmda meðfram fljótunum og kvíslum þeirra. Áhrifa skógargróðurs á flóð í ám gætir ekki mjög mikið hér á landi, enda er þess varla von, þar sem ár eru venjulega stuttar og straumharðar, en skógargróður er nú orðið óvída. Þó má alls staðar sjá þess merki, þar sem skóglendi og skóglaut land skiptast á í brekkum og hlíðum, að allir lækir og vatnsrásir eru langtum breiðari og sundurtættari utan skógar en innan. Í þurrkum þorna rásirnar utan skógar, en oftast er jafnt og hægt vatnsrensli úr hinum. Í leysingum velta lækirnir utan skógar fram kolmórauðir og korgaðir, en á hinum má varla sjá litarbreytingu. Væri meira skóglendi hér í hlíðum og fellum, mundi það án efa draga mjög úr hinni öru eyðingu

jarðvegjar og gróðrar af völdum leysingavatns, sem nú á sér víða stað um land allt.

Sakir þess, að skóglendi miðlar regnvatni og úrkomu í hlíðum fjalla, má að nokkru telja þetta sem einn af landvarnarhæfileikum skóglendis, en landvörn þess er samt fólgin í langtum fleiri atriðum.

Landvörn skóga.

Skógur hindrar mjög bæði snjó- og aurskriður í brattlendi. Er það einkum efsti skógurinn í hlíðunum, sem vörnina veitir, jafnvel þótt hann sé eigi nema lágt og kræklótt kjarr. Þess vegna veltur oft á miklu að fara vel með þennan gróður, en þar sem hann er oftast alveg verðlaus nema til beitar, hafa menn ekki hlífzt við að nota þá kosti, að svo miklu leyti sem unnt var. Í flestum löndum, þar sem fjalllendi eru og fjallaskógar, eru ströng fyrirmæli um meðferð þeirra, til þess að koma í veg fyrir landsskemmdir, sem hlotizt gætu af óvarlegri meðferð þeirra. (Sjá Ársrit Skógræktarfélagsins 1939, bls. 9.)

Um vörn skóga gegn uppblæstri og eyðingu lands yrði að rita langt mál, ef gera ætti því efni full skil. Hér er ekki rúm til annars en að stikla á aðalatriðum þeim, sem mestu máli skipta.

Allur jarðvegur hér á landi hefir myndast við áfok að meira eða minna leyti. Slíkt er orðið svo alkunnugt, að óþarfi mun að ræða það nánar. Fokjarðvegi hættir til að halda sömu leið og hann kom, ef raki og gróður binda hann ekki. Það er alkunna, að enginn gróður getur hlíft íslenskum jarðvegi betur en birkiskógurinn, því bæði binda rætur birkisins jarðvegin betur, og eins veita stofnar og lim meira skjól, en nokkur annar innlendur gróður. Ennfremur er það undravert, hve lengi skógur getur heft og tafið uppblástur eða jafnvel stöðvað hann með öllu, því þegar jarðveg blæs undan trjám, falla þau með greinum og limi ofan fyrir börðin og skýla þannig rofinu. Skjólið, sem myndast við rof á þennan hátt, myndi oft hafa

reynzt nægilegt, til þess að græða mikil sár á jarðvegi, ef eigi hefðu verið önnur eyðingaröfl að verki en vindurinn einn.

Eigi að komast fyrir um, að hve miklu leyti skemmdir á gróðurlendi séu afleiðingar skógaskemmda, verður fyrst að reyna að fá hugmynd um, hve gróðurlendið hafi minnkað mikið frá upphafi Íslands byggðar, þar næst verður að reyna að fá einhverja hugmynd um útbreiðslu skóga og kjarrs á sama tíma, og að því búnu verður að fara fáum orðum um, hversu fer með land og gróður, þegar skógur eyðist.

Í Ársriti Skógræktarfélags Íslands 1942 á bls. 10-12 var gerð tilraun í þá átt að meta stærð hins samfellda gróðurlendis. Niðurstaðan varð, að eigi væri unnt að telja meira en 17000 ferkm lands undir 400 m hæð vaxna gróðri í einhverri mynd. En undir 400 m hæð eru samtals um 43000 ferkm lands. Hafi fjórði hluti þess lands verið alveg ógróinn á landnámsöld, munu um 34000 ferkm lands hafa borið gróður. Samkvæmt þessu ætti gróðurlendið í byggðum landsins að hafa minnkað um helming á þeim þúsund árum, sem hér hefir verið byggð. Þetta nær reyndar aðeins til flatarmálsins. Hitt, hve landið er nú yfirleitt kostaminna nú, er ótalið enn.

Menn hafa lagt misjafnlega mikinn trúnað á orð Ara fróða í Íslendingabók, að landið hafi verið víði vaxið milli fjalls og fjöru. Þorvaldur Thoroddsen, sem margir fræðimenn hafa treyst á hingað til, líkt og gömlu prestarnir á heilaga ritningu, telur að vel sé í lagt að ætla birkiskógum að hafa vaxið á þrítugasta hluta landsins, er það fannst. Hefðu þá skógar og kjarr áður þakið um 3400 ferkm lands eða um fjórum sinnum stærra svæði en nú mun vaxið kjarri og skógi. Skal nú bent á ýmis dæmi, sem greina frá útbreiðslu birkis svo víða um land, að þessi ágizkun Þorv. Thoroddsen fær alls ekki staðizt.


Á svæðinu milli Þjórsár og Ölvesár og Sogs eru víða birkiskógar enn og fundarstaðir einstakra trjáa og runna,

sem benda ótvírætt til þess, að þetta hérað hafi að mestu verið þakið skógi áður fyrr. Langt upp með Þjórsá, innan við Tungnaármótin, andspænis Búðahálsi, heita enn Fitjaskógar og Krækluskógar. Þar er að vísu enginn skógur lengur, en Steindór Steindórsson frá Hlöðum hefir fundið einstaka birkiklær inni í Gljúfurleit, sem er á þessum slóðum. (Árnesingasaga, Rvk. 1944, bls. 262.) Í Skriðufelli við Hvítárvatn hefir Jóhannes Áskelsson fundið birkikvist, og Steindór getur um bjarkargróður í Hrefnubúðum og Karlsdrætti norðan Hvítárvatns. Allir þessir fundarstaðir eru í meira en 400 metra hæð yfir sjávarmáli. Skógaleifar finnast niður með Þjórsá með skömmu millibili alveg suður að Ölmóðsey eða lengra. Allar eyjar í ánni, sem erfitt hefir verið að koma fé út í, eru enn vaxnar kjarri, en hinar eru ýmist grasi grónar eða að miklu leyti eyddar af uppblæstri eins og Árnesið og Hagaey. Í Hvítárgljúfrum eru víða kjarri vaxnir hvammar bæði ofan og neðan við Gullfoss, og á hólmunum við Brúarhlöð er mjög fagur birkigróður. Milli Hvítár og Þjórsár eru margir skógateigar efst í Hreppum, en utan Hvítár teygir birkigróðurinn sig enn lengra niður í byggðina, alveg niður fyrir Fell í Biskupstungum. Skógurinn teygir sig líka nokkuð niður með Brúará, og í Sogi er hinn alkunni Axarhólmi allur birkigróinn. Í hraununum milli Hvítár og Sogs er mjög víðlent kjarrlendi. Alla leið frá Þingvöllum og austur að Búrfelli í Þjórsárdal er nærri samfelld skóglendi meðfram brún hálendisins. Einu eyðurnar eru milli Gjábakka og Laugarvatns og Tungufells og Skriðufells. Frá Þingvöllum er einnig kjarrbelti, slitrótt á köflum að vísu, all langt suður í Grafning. Sögulegar heimildir eru til fyrir skóglendi á mörgum stöðum í Árnessýslu, þar sem nú er ekki urmull eftir. Steindór Steindórsson grasafræðingur kemst svo að orði um skóglendi í Árnessýslu í Árnesingasögu (bls. 261) : „Enginn vafi leikur á því, að miklu hefur skóglendi verið útbreiddara í Árnessýslu fyrrum. Það sýnir bæði gróðurfar sýslunnar



Ljósm.: Kjartan Ó. Bjarnason.

Langidalur, Þórsmörk.



Ljósm. : Kjartan Ó. Bjarnason.

Úr Ranaskógi.

víða og er sannað af óvæfengjanlegum heimildum. Telja má nokkurn veginn víst, að á landnámsöld hafi allt þurrlendi sýslunnar verið skógi vaxið, og meira að segja mun kjarrið þá hafa teygt sig allvíða út í mýrasundin. Hef eg á tveimur stöðum í Flóa fundið smávaxnar birkihríslur í mýrasundum, enda þótt allt kjarr sé löngu horfið þar.“

Af þessum ummælum Steindórs má sjá, að hann er á þeirri skoðun, að mestur hluti Árnassýslu hafi verið skógi og kjarri vaxinn, er land var numið, því að það er varla nokkurs staðar nema um Flóann neðanverðan og í forunum við Arnarbæli, sem svo mikill raki er í jörð, að ástæða er til þess að halda, að skógur hafi átt erfitt uppráttar.

Sé haldið vestur yfir Hellsisheiði, er töluvert kjarr í hraununum norðvestan undir Bláfjöllum, sem kennd eru við Hólm og Elliðavatn. Úr hraunum þessum er nærri óslitið skóglendi suður á móts við Krísuvík. Þetta skóglendisbelti er að vísu örmjótt á köflum, en þegar kemur suður fyrir Hjalla er kjarrlendi á víð og dreif til beggja handa. Vestur um flest hraunin á Reykjanesskaga má finna birkigróður með skömmu millibili, og jafnvel á grágřitisholtunum suður af Stapa eru sums staðar enn lágar jarðvegstorfur, grónar jarðlægum, kræklóttum og þrautbitnum birkikræklum. Eftir þessu að dæma virðist birki hafa vaxið áður um allan suðurkjálkann, þar sem hraun voru ekki nýlega runnin. Í Kjósarsýslu eru ekki miklar leifar birkigróðurs fyrr en við Fossá í Kjós, en þar fyrir norðan eru mjög víðlend kjörr í Brynjudal og ágætur skógur er í Botnsdal, sunnan sýslumarka Kjósar- og Borgarfjarðarsýslu. Ofan við Mosfellsdal heita enn Skógarbrekkur, en hvort þar eru enn leifar birkis er óvíst. Hins vegar eiga birkikvistir að hafa fundizt í heiðinni norður af Hólmi. Í Fossvogi við Reykjavík hafa birkileifar fundizt svo grunt í jörðu, 10-14 cm, að líklegt er, að hér sé um fremur ungar birkileifar að ræða. Enda er ekkert líklegra,

en að öll holtin umhverfis Reykjavík hafi verið vaxin kjarri á fyrstu öldunum eftir landnám.

Um skóglendi á Vesturlandi er alveg óþarfi að fjölyrða. Þar eru skógaleifar svo víða og jafn dreifðar um héruðin, að enginn mun geta dregið í efa, að þar hafi björkin þakið allt land, sem hún annars gat þrífzt í. Sama máli gegnir um Vestfirðina, enda eru allir fjarðarbotnar sunnan Steingrímsfjarðar og Ísafjarðar með meiri eða minni leifum birkigróðurs, og í sumum fjörðunum eru hinir myndarlegustu skógar. T.d. hafa verið mældar 8 m háar beinvaxnar bjarkir í Trostansfirði, og Vatnsfjörður í Barðastrandarsýslu er allur víði vaxinn frá sjávarmáli að efstu brún fjalla. Eðlilega hafa þessi skóglendi náð lengra út með fjörðunum áður fyrr og lengra inn til dala og upp í hlíðar.

Húnavatnssýslurnar, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýsla hafa verið skóglausar um langan aldur, og margir halda, að þar hafi aldrei vaxið birki að nokkru ráði. Þess vegna er ástæða til þess að dvelja ofurlítið við fundarstaði birkigróðurs á þessum slóðum. Fæstir eru fundarstaðirnir í Vestur-Húnavatnssýslu, en þeim fjölgar og þeir verða meira áberandi eftir því, sem austar dregur. Sigurður Þórarinsson fann einstaka birkiplöntu úti í mýri um miðbik Miðfjarðar fyrir fáum árum. Jakob Línal hefir fundið birkileifar í landi Auðunnarstaða og Kolugils. Séra Sigurður Norland í Hindisvík hefir sagt frá birki utan í kletti við Sigríðarstaðavatn. Þetta eru ekki miklar leifar, en þær bera því vitni, að skógur hafi áður verið á nokkurum stöðum í héraðinu.

Í Austur-Húnavatnssýslu eru víða leifar birkis, enda þótt þar sé heldur ekki um auðugan garð að gresja. Samkvæmt frásögn Bjarna Jónassonar í Blöndudalshólum finnst birki í Sellandsbrekkum í Blöndudal, í Skóganesi á Fossum í Svartárdal, á fjórum stöðum í Laxárdal, við Mörk, Mjóadal, Núp og Mánaskál. Þess er og til getið, að finna megi skógaleifar í Tindaskógi í Svínadal. Auk

Þessa eru birkileifar víða í Blöndugili. Í Vatnsdal er all stór reynir í klettaskoru hátt í Vatnsdalsfjalli. Þá eru upp taldar birkileifar þær, sem nú eru kunnar í Austur-Húnavatnssýslu. Vel má vera, að fleiri fundarstaðir bætist við síðar.

Skógaleifar í Skagafjarðarsýslu eru fljóttaldar. Úti í Fljótum er nokkurt kjarr og eins innst í Hrolleifsdal. Það er bæði lágvaxið og kræklótt, en all víðlent. Ofan við Ljósstaði, sem eru uppi af Hofsósi, eru örlitlar skógaleifar á takmörkuðu svæði. Vestan fjarðarins hafa fundizt 8 eða 9 birkiplöntur í djúpri geil sunnan og austan í Tindastóli. Eru þær í 200-300 m hæð yfir sjó. Lengst suður í Skagafjarðardölum er nokkur birkigróður á fáeinum stöðum. Þar sem hann er hæstur í Austurdal, er hann um mannhæð, og er varla von á að hann sé hærri, því að bæði eru mikil snjóþyngsli þarna og leifarnar í nærri 400 m hæð yfir sjó. Í gljúfrunum niður með Jökulsá eystri er birkigróður á stangli norður að Merkigili, og ef til vill nær hann enn norðar. Á Öxnadalsheiði var bæði víði- og birkikjarr fram yfir 1890 í nesi milli Krókár og Öxnadalsár, og var kjarrið svo þétt, að illfært var um landið. (Heimild: Jakob Línal.) Þetta kjarr er nú alveg upp urið, svo að ekki sést urmull af því. En það er all-einkennilegt, að í hinu skóglausu héraði, Skagafirði, skuli vera til skógaleifar yzt við sjó og efst til dala, en hvergi þar á milli, enda þótt alls staðar annars staðar í héraðinu séu betri skilyrði fyrir trjágróður. Þetta bendir í þá átt, að Skagafjörður hafi allur verið skógi vaxinn endur fyrir löngu alls staðar þar, sem birki gat þrífzt. Það hefir getað vaxið hvarvetna nema á lághólminum og láglendi því, sem fer í kaf í vatnavöxtum.

Eyjafjörður er líka talinn skóglaust hérað, þegar undan er skilinn skógurinn í Leyningi syðst í fjarðarbotninum. Sá skógur er sums staðar mjög fallegur og stórvaxinn. En birkileifar má finna víðsvegar um alla sveitina og beggja megin út með firðinum. Leifarnar eru að mestu í giljum

og klettaskorum, þar sem ókleift er fyrir fénað. Í Garðsárgili er ljómandi snoturt kjarr, sem er að breiðast út um bakkana, og í Garðsárdal austanverðum er líka all víðlent kjarr. Í Munkaþverárgili og Núpárgili er og svolítið kjarr. Við Djúpadalsá eru að minnsta kosti fáeinar birkihríslur og líklegt er, að birki sé víðar til í sveitinni, þótt það sé enn ekki kunnugt.

Í Hörgárdal og Öxnadal eru víða skógaleifar. Í landi Vagla, Skóga og Steðja á Þelamörk eru víða bjarkarrætur í jörðu, og í landi Miðhálsstaða, múlanum milli Öxnadals og Hörgárdals, eru og töluverðar leifar. Auk þessa eru birkileifar í eftirtöldum giljum: Í Krossastaðaárgili og Fossárgili á Þelamörk, í Öxnadalsárgili, Skógargili hjá Sörlatungu, Tunguárgili og Fornhagagili.

Í Svarfaðardal er samfelld en lágvaxið kjarr í Karlsárseta og í Kongsstaðahálsi, í mynni Skíðadals er all víðlent birkikjarr.

Í Héðinsfirði er líka kjarr, lágvaxið og krækilótt, líkt og kjarrið í Hrollleifsdal í Skagafirði. Svo má og nefna kjarrið við Laufás, enda þótt það teljist innan lögsagnarumdæmis Þingeyjarsýslu, því að landfræðilega telst sá staður til Eyjafjarðar.

Af leifum þessum, sem eru jafnt dreifðar um allt héraðið, má ráða, að Eyjafjörður hefir áður fyrir allur verið skógi vaxinn. Enda bera gamlar heimildir þess glögg merki, að víða hafa verið skógar, og á stundum vænir skógar, þar sem nú eru móar eða uppurin jörð.

Ástæðan til þess, að ég hefi verið svo langorður um skógana og skógaleifarnar í Húnavatns-, Skagafjarðar og Eyjafjarðarsýslum er sú, að þessi héruð hafa um langan aldur verið skóglaus talin, og margur hefir haldið, að þar hafi aldrei vaxið skógur frá öndverðu. Að þessu athuguðu virðast þó líkindi fyrir því, að meiri hluti þessara héraða hafi upphaflega verið víði vaxinn. Ýmsar ástæður liggja til þess, að eðlilegt var, að skógar eyddust fljótt á þessum slóðum, en um það skal eigi rætt að sinni.

Í Suður-Þingeyjarsýslu eru enn skógar um allt héraðið, svo að eigi þarf að efast um, að það hefir allt verið skógi vaxið áður fyrr. Góðir skógar og miklir eru enn um endilangan Fnjóskadal, og alla leið út á Flateyjarðalsheiði teygir birkikjarrið sig. Bárðardalur er mjög vaxinn skógi, og í Köldukinn eru til ágætir skógar. Austan Skjálfandafljóts eru miklir skógar við Fosssel og víðar. Í Reykjadal og Laxárdal eru enn nokkurar skógaleifar, og í Aðaldal er víða fallegur skógur í hraununum. Við Mývatnsstrendur er víða kjarr, og uppi undir Mývatnsfjöllum eru all miklar skógatorfur. Og loks má nefna, að ofan við Húsavík, uppi við austurenda Botnsvatns, er kjarr í hlíðum.

Í Norður-Þingeyjarsýslu er víða skóglendi. Í Kelduhverfi og Axarfirði er mjög mikið kjarr- og skóglendi. Upp af Axarfirði nær kjarrið nokkuð inn í land, síðan taka við lyngmóar og grasmóar og loks örfoka uppblásið land, en uppi á Hólsfjöllum, skammt frá Grundarhóli, er enn dálítið kjarrlendi. Áður fyrr hefir án efa verið samfelld skóglendi frá Hólsfjöllum og norður að sjó.

Á Austfjörðum hagar víða svipað til og á Vestfjörðum, að þar er skóglendi í flestum fjarðabotnum, allt frá Vopnafirði og suður að Lónsheiði. En sá er munur á, að skóglendið á Austurlandi virðist yfirleitt grózkumeira og jafnvel beinvaxnara en birkíð á Vestfjörðum, enda er ekki óhugsandi, að um mismunandi birkitegundir sé að ræða. Á Héraði og í Skriðdal eru enn víða skógar, og birkirætur í jörðu leynast um allt Fljótsdalshérað. Í utanverðum Jökuldal er enn nokkuð kjarr á einstaka stað, og efst á Jökuldal eða í Aðaldal er einnig skóglendi. Virðist allt benda til, að bæði Héraðið og Jökuldalur hafi hvort tveggja verið alvaxið skógi áður fyrr.

Í Lóni og Hornafirði eru og nokkurar skógaleifar, en þær leifar liggja nokkuð afskekkt. Á Mýrum er víðlent skóglendi í landi Viðborðs. Í Suðursveit er skóglendi inni í fjallahlíðum, og í Örafum er kjarr við Kvísker og lítils háttar skógarló við Sandfell. Nokkur skógur er upp af

bæjum í Svínafelli, en í Skaftafelli er mjög mikið og gott skóglendi, og þar vex skógur heim í túnfót.

Í Fljótshverfi er eigi mikið um skóglendi, þegar frá eru taldir Núpsskógar, sem eru bæði miklir og víðlendir. Síðan mun skóglaust með öllu, en sennilega mætti finna skógarló í giljum, ef leitað væri. Í vestanverðri Skaftártungu er hins vegar víðlent kjarrlendi umhverfis Hrífunes, og efst í Álftaveri er líka dálítið kjarr. Í eldhrauninu, sem rann árið 1783, hafa nýlega fundizt ungar birkiplöntur á einum stað, en þær hafa sennilega vaxið upp af fræi, sem verið var að flytja úr Bæjarstað til Reykjavíkur, en fór niður á leiðinni.

Í Mýrdalnum og undir Eyjafjöllum er lítið um skógargróður. Þó mun vera til lítils háttar kjarrlendi nálægt Kerlingardal eða Heiði, og sennilega mun það vera til víðar, þótt mér sé enn ókunnugt um það. Hins vegar er víða skógarló í giljum á þessum slóðum. Ofan við brúnina á Skógafossi er ofurlítill hólmi í ánni, sem er vaxinn birki. Sízt má þó ætla, að fossinn dragi nafn sitt af hólmanum, því að næstu bæir við fossinn heita Skógar.

Í Rangárþingi eru töluverðar skógaleifar á nokkurum stöðum, einkum um ofanvert héraðið. Á Þórsmörk og Goðalandi eru fallegir skógar á þeim svæðum, sem uppblástur hefir ekki grandað, og út alla Fljótshlíð eru enn einstakar hríslur á víð og dreif í giljum og á ókleifum klettasillum, og sunnan Markarfljótsauranna er Nauthúsagilið með björk og reyni. Nýlega hefir fundizt birki eða skógviðarbróðir ofan í Landeyjum. Á Rangárvöllum er ekkert skóglendi nema uppi í Hekluhraunum, enda er mikill hluti þeirra blásinn og örfoka. Í Landsveit ofanverðri eru aftur á móti snotur skóglendi við Skarfanes og Merkiðhol, og til skamms tíma hefir skóglendi um ofanverða Landsveit verið langtum víðlendara en nú. Í Holtum eru engar skógarleifar, svo að kunnugt sé, en skilyrði til skógarvaxtar eru sízt minni þar en annars staðar um Suðurland.

Yfirlit þetta um birkigróður og birkileifar víðs vegar um land hefir verið gert til þess að sýna fram á, að þær eru all jafnt dreifðar um landið. Hvarvetna, þar sem öruggt afdrep er að finna fyrir sauðartönn og erfitt um vik fyrir manninn, má búast við að finna bjarkarplöntur. Þar, sem snjóþyngsli eru og snjór liggur lengi vetrar, er víða kjarrlendi. Þar, sem ár eða aðrar torfærir hafa girt fyrir staði, eru oft hávaxnir skógar. Á afskekktum stöðum og strjálbýlum er yfirleitt meira skóglendi og kjarrlendi en annars staðar. Björkin vex bæði uppi í hálendi landsins, í 400 metra hæð, og úti við fjöruborð. Þegar litið er á, hversu víða birkigróður finnst ennþá, og menn gera sér jafnframt ljóst, hversu björkin á auðvelt með að breiðast út með fræjum og rótarskotum, er ekki fjarri að draga þá ályktun, að björkin hafi vaxið hvarvetna um land allt, þar sem jarðvegur leyfði, er land var numið.

Eigi er enn unnt að segja með vissu, að hve miklu leyti skógur hafi vaxið á svæðum þeim, sem nú eru mýrlendi. Alkunnugt er, að þar sem skógur vex að mýrlendi, smábreiðist hann út og þurrkar mýrina, unz komið er að þeim mörkum, að trén hafa ekki undan að eyða vatni því, sem að berst. Þess vegna er líklegt, að skógur hafi áður vaxið á ýmsum þeim stöðum, sem nú eru mýrar. Rannsóknir, er gerðar hafa verið í Skotlandi á breytingu gróðurfars við mikla fjárbeit, sýna afdráttarlaust, að við beitina eyðist fyrst og fremst allur trjákenndur gróður, ungviði, runnar og lyng. Við það eykst vatnsmagn jarðvegarins, og nær votlendisgróður þá yfirhöndinni. Mikið af kostamiklu skóg- og kjarrlendi hefir á þann hátt breytzt í verðlítill mýrlendi á tiltölulega skömmum tíma. *)

Hér á undan var gert ráð fyrir, að um 34 000 ferkm lands hafi verið grónir, er land var numið, og er þá eingöngu miðað við land undir 400 m hæð. Það mun nú vart

*) H. H. Bennett: Soil Conservation, New York, 1939.

of mikið í lagt, þegar sýnt hefir verið fram á, hversu víða björkin stendur föstum rótum ennþá og með hliðsjón af því, hversu ört hún breiðist út á friðuðum svæðum, að ætla skóglendinu um helming alls hins gróna lands á landnámsöld. Þótt sumir lesendanna kunni að telja þetta bjartsýni, að ætla skóglendinu svona mikið rými, býst ég við, að síðar muni koma í ljós, þegar útbreiðsla skóga hefir verið rannsökuð nánar með frjórannsóknum í mýrum og á annan hátt, að þetta hafi sízt verið of hátt metið.

Þegar talað er um skóglendi á landnámsöld, er ekki átt við, að allt landið hafi verið þakið hávöxnum bjarkarskógum. Skóglendið hefir verið með ýmsu móti, skriðult, lágvaxið kjarr úti við strendur og efst til fjalla, en þar, sem staðhættir leyfðu, hafa vaxið all hávaxnir birkiskógar, sem að líkindum hafa verið öllu hávaxnari og þróttmeiri en þeir, sem nú eru taldir beztir. Víða hefir skóglendið átt í vök að verjast, sakir óblíðu náttúrunnar, og því er engin furða, að það hafi brátt orðið að láta undan síga, er hér varð byggt ból og búfé fékk að leika lausum hala.

Við eyðingu skóga og kjarrs myndast annað hvort mýrlendi, sem er eigi hætt við uppblæstri, eins og áður er sagt, eða grasmóar og vallendi. Slíkt gróðurlendi getur varizt uppblæstri af eigin rammleik, meðan svörðurinn verður eigi fyrir sárum. En þess er venjulega skammt að bíða, að lækir eða vatnsrásir risti ofan í bera mold, eða að beitarpeningur valdi svo miklum skemmdum á gróðrinum, að uppblástur hefjist. Þar, sem mikil beit er á landi, verður allur gróður þróttlítill og veikbyggður og hefir því minna mótstöðuafli en ella, þegar uppblástur hefst.

Yfirleitt virðist því vera þannig háttað hér á landi, að allur jarðvegur nema votlendið sé dæmdur til eyðingar fyrr eða síðar, þegar hinn trjákenndi gróður er eyddur. Þar, sem mikill uppblástur er á ferðum, eru mýrarnar líka í hættu, því að þær þorna við áfok og blása síðan upp eins og önnur jörð.

Hafi um helmingur alls gróðurlendisins verið skóglendi á landnámsöld, eða um 17 000 ferkm, verða orð Ara fróða um, að landið hafi verið viði vaxið milli fjalls og fjöru nær sannleikanum en ágizkun Þorvaldar Thoroddsen, sem er alveg út í bláinn. Og þá verður hin mikla eyðing gróðurlendisins, sem orðið hefir hér undanfarin 1000 ár, langtum skiljanlegri en áður, þegar hægt er að sýna fram á, að hún er bein afleiðing eyðingar skóglendisins.

Enginn vafi getur á því leikið, að hinar óbeinu nytjar skóga og skóglendis hér á landi eru hvað mest fólgnar í þeirri vernd, sem skógargróðurinn veitir jörðinni gegn uppblæstri. Björkin er langbezta landvarnarplantan, sem til er hér, og því liggur beint við að nota hana, er fram líða stundir, til þess að binda þann jarðveg, sem nú er að myndast á hinum öreyddu löndum, sem grædd hafa verið að nýju og verið er að græða. Hin litla byrjun, sem Gunnlaugur Kristmundsson hefir hafið í sandgræðslugirðingunni við Gunnarsholt á undanförunum árum, spáir mjög góðu um framtíðina. Þar hefir verið sáð til bjarkar á nokkurum stöðum með ágætum árangri, og ef að skógarbeltum væri komið upp með hæfilegu millibili á hinu uppgrædda landi, myndi það sennilega verja það skemmdum af nýjum uppblæstri um ókomnar aldir.

Skógurinn sem vinnugjafi.

Þar, sem mikið skóglendi er, krefst það all mikillar vinnu árið um kring. Vinna í skógum á helzt að fara fram að vetrarlagi eða snemma vors og seint á hausti. Þessa er auðvitað eigi kostur hér, því að aðalvinnan verður á vorin og haustin og fram eftir vetri, þegar tíð leyfir. Yfir hásumarið er hins vegar lítið um að vera í skógunum. Í skóglendi, sem er eigi stærra en Vaglaskógur, eða innan við 300 hektara, hefir vinna í skóginum numið tveim til þrem tugum þúsunda undanfarin ár, og getur það munað lítið sveitarfélag þó nokkuru að eiga kost á slíkri vinnu árlega innan endimarka sveitarinnar. Þó hefir annað numið

meiru í mörgum löndum í sambandi við skógrækt en stöðug vinna í skógum, sem fyrir voru. Það er sú vinna, sem þarf til þess að rækta nýja skóga. Í Danmörku hafa Jótlandsheiðar fyrst og fremst byggzt af því, að þar var um margra áratuga skeið stöðug og örugg vinna við gróðursetningu nýrra skóga. Velmegun og fjölgun fólks í þeim héruðum, sem grædd hafa verið, stendur í beinu hlutfali við það, sem varið var til skóggræðslu á sínum tíma.

Skógurinn sem yndisauki og heilsulind.

Mjög er erfitt að gera ljósa grein fyrir því, hvers virði skógur getur verið fyrir þá, sem í bæjum búa, en sækja sér hressingu og heilsubót með því að dvelja í skógum og skóglendi. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fjöldi manns tekst langa ferð á hendur til þess að geta dvalið um stundarsakir í skóglendi. Í Vaglaskóg koma árlega 10-20 þúsund manns, og sumir dvelja þar allt sumarleyfi sitt. Hallormsstaður er að verða mjög fjölsóttur staður, enda þótt hann liggi mjög afskekkt. Eitt sumarið fóru á sjöunda hundrað manns inn á Þórsmörk, þrátt fyrir alla þá erfiðleika og þann kostnað, sem af slíkri för leiðir. Fáir eða alls engir myndu ómaka sig á þessa staði, ef að þar væru engir skógar. Það er enginn vafi á, að skógarnir búa þarna yfir þjóðfélagslegum verðmætum, sem erfitt er að meta.

Oft og tíðum er gaman að hafa augun með fólki, sem óvant er skógum, þegar það kemur í hávaxinn skóg. Sumir ganga hægt og hljóðlega um, líkt og þeir séu komnir í helgidóm, en aðrir, og þá einkum ungt fólk, lætur öllum skrípalátum, oft með óhljóðum og köllum, og margir velja sér haganlegt tré til þess að klifra í, og sá þykist mestur maðurinn, sem kemst hæst og æpir mest. Hvort þetta er ævagamalt ættgengi, eða bæld frjálsræðisþrá, mega sálfræðingar skýra.

Þeir, sem dvelja í hávöxnum skógi, finna ósjálfrátt til þess mikla lífs og gróanda, sem er umhverfis þá. Stór og

aldagömul tré kenna mönnum að finna til smæðar sinnar og hins skammvinna lífs, sem þeim er skammtað, og sá, sem kemur auga á dásemdir náttúrunnar í stórvöxnum skógi, kemur betri maður út en hann fór inn.

Víða um lönd byggja menn heilsuhæli og hressingarhæli þétt upp að skógum eða í rjóðrum, því að það er ævagömul trú manna, að skógarloft lækni marga sjúkdóma. Skógarloftið er auðvitað hreinna og sýklaminna en annað andrúmsloft, og í skógunum er oft kyrrð og friður, sem eigi er auðvelt að fá annars staðar, en að öðru leyti er erfitt að sjá, að hvaða leyti hressingarhælin eru betur komin þar en annars staðar.

HINAR BEINU SKÓGARNYTJAR.

Aðalnytjar þær, sem eigendur skóga hafa af þeim, eru viðurinn. Skógrækt er í því fólgin, að nema burt allan þann við, sem eigi er þörf á að láta standa lengur, fella öll tré, sem hafa náð fullum þroska, en sjá jafnframt fyrir því, að upp vaxi aftur ungviði í stað þess, sem höggvið var. Þar sem skógrækt er nokkuð á veg komin, er venjan sú, að skógarnir eru grisjaðir með fárra ára millibili. Eftir því, sem skógurinn eldist, eykst verðmæti þess, sem fellt er. Um það bil, er trén hafa náð fullum vexti, er farið að hugsa um að koma næstu kynslóð á legg. Þá er grisjun hagað þannig, að ungviði megi vaxa og dafna í skjóli eldri trjáa, og kostað er kapps um, að ungviðið sé komið vel á legg, þegar síðustu trén af eldri kynslóðinni falla. Ef trjátegund sú, sem vex á einhverjum stað, gefur ekki nógu mikinn arð, er önnur tegund gróðursett og látin komast nokkuð á legg, áður en hin er höggvin. Starf skógarmannsins er að fella viðinn og koma honum í verð.

Áður en skógrækt kom til sögunnar, voru skógar venjulega ruddir og síðan látið skeika að sköpuðu með það, hvernig gróður yxi upp í staðinn. Sakir yfirvofandi viðarskorts í heiminum, varð skógræktin til, því að tryggja

varð þjóðfélögunum nægan við, ef að þau ættu að halda lífi. Fram undir aldamótin 1800 hvíldi menningin að mestu á notkun viðar. Hann var eitt þeirra hráefna, sem nauðsynlegust voru til fjölþætts atvinnulífs. Skógurinn var fyrst og fremst aflgjafi við járnvinnslu og til hitunar var um lítið annað að ræða en mó og við. Skip öll voru byggð úr viði, hús reist og þiljuð með viði og húsmunir og alls konar áhöld voru einnig úr viði. Viðurinn var að vísu ekki skilyrðislaus nauðsyn þess, að menningin gæti vaxið og dafnað, því að bæði er menning Eskimóa og einstöku hjarðmanna á hásléttum Asíu til orðin í skóglausum löndum. En slíkri menningu er sniðinn mjög þröngur stakkur, og vafasamt er, að hún hafi getað náð meiri þroska en orðinn var. Skortur á viði hefir áður fyrr verið fjölda mörgum þjóðum fjötur um fót og hefir heft framþróun þeirra.

Þegar dró að lokum 18. aldar, var bæði járnvinnsla og annar iðnaður, sem nota þurfti viðarkol til, að byrja að dragast saman. Framsýnir menn þeirra tíma höfðu þá mjög miklar áhyggjur af skógleysi í framtíðinni. Og hefðu menn eigi fundið upp á því, að nota kol og koks til járnvinnslu og ýmislegs annars, er lítill vafi talinn á, að menning Evrópu hefði staðnað.

Kolin og koksið hafa að miklu leyti komið í stað viðar, og skyldi því mega ætla, að viður væri eigi jafn nauðsynlegur menningunni og áður. En það leið ekki á löngu, er menn höfðu tekið upp járnvinnslu með koksi, að framleiðsla járnst jókst alveg gífurlega. Nóg var til af kolum og koksi, en til þess að draga kol út úr iðrum jarðar var nauðsynlegt að styrkja námugangana með timbri, og nú er svo komið, að meira timbur þarf á ári hverju til þess að vinna kol úr jörðu, heldur en viður sá nam, sem áður fór til allrar járnvinnslu heimsins. Þess þarf varla að geta, að viðarframleiðsla heimsins er nú miklu meiri en áður, og að margar þjóðir eru sjálfum sér nægar, hvað við snertir; þökk sé ræktun skóganna. Samt hafa ein-

stöku þjóðir áhyggjur af framtíðinni og þykjast mega horfa fram á viðarskort innan nokkurra áratuga, verði ekki að gert. Meðal þeirra eru Bandaríkjamenn. Enda sagði einn af hinum framsýnni forsetum þeirra, Theodore Roosevelt, árið 1905, er hann jók skógaeygnir ríkisins meira en nokkur annar forseti hefir gert, að viður væri ein af hinum nauðsynlegustu undirstöðum, sem öll menning hvíldi á. Enda hefir það reynzt svo, að í hvert sinn, sem menn hafa fundið ný efni, er komu í stað viðar, hafa ávallt komið í ljós nýjar þarfir, sem krefjast viðar. Með framförum í iðnaði hefir viður æ meir og meir verið notaður sem hráefni við vinnslu ýmissa efna. Í Ársriti Skógræktarfélagsins 1939 er ofurlítill grein, sem skýrir frá margvíslegri notkun viðar, svo að óþarfi er að endurtaka hér allt, sem búið er til úr viði. Nóg er að minna á, að auk þess sem krossviður, þilborð (masonite, tretex o. fl.), viðarkol, tjara, terpentína, edikssýra og tréspíritus fæst við einfalda heflun, mölun eða eimingu viðar, má einnig vinna fjölmörg önnur efni úr viði með efnabreytingum. Þar til má nefna alls konar pappír og pappa, gervisilki og gervibaðmull, sellulosulakk og sprengiefni, vínanda og sykur, lím og benzín.

Sakir þess, að við má nú orðið nota á langtum fleiri vegu en áður, virðist ljóst, að viðarþarfir manna munu fremur aukast en minnka á næstu áratugum. Í því sambandi er vert að geta þess, að nú orðið má nota allan úrgangsvið, ef að hann er ófúinn, til einhvers gagns.

Hér á landi hefir birkiviður verið hinn eini viður, er óx í landinu, og var til nokkurra nytja. Birkiviður getur eigi svarað öllum viðarþörfum þjóðar, enda þótt hann sé hæfur til margs konar notkunar. Hann er lítils virði sem húsaviður, en hins vegar er hann hinn bezti eldiviður og ágætur til alls konar smíða. Hefir það verið þjóðinni mikill fjötur um fót á umliðnum öldum, að eigi skyldi vera unnt að fá

húsavið né heldur nægan eldivið, nema í einstöku héruðum, er fram liðu stundir. Virðist þó hafa verið hér allmikil velmegun framan af, meðan víðlendir skógar og kjörr voru víða og landgæði voru eigi til þurrðar gengin. Þegar að því leið, að skógar og landgæði gengu til þurrðar, lagðist fátæktin sem mara á þjóðina og varð æ þungbærari, er tímar liðu. Verður aldrei með tölum talið né metið, hversu óskaplegir erfiðleikar og hvílík sóun mannlífa hefir átt sér stað á liðnum öldum fyrir þá sök, að þjóðin byggði nærri skóglaust land.

Þótt nýtjar birkiskóganna hafi alls ekki fullnægt þörfum þjóðarinnar, voru þær samt sem áður svo miklar, að án skóganna hefði þjóðin varla getað lifað. Viðurinn var notaður til eldiviðar áreftis, ýmiss konar áhalda og húsbúnaðar og á einstöku bæ vita menn til, að þiljur hafi verið úr birki. Viðarkol voru áður fyrr nauðsynleg á hverjum bæ, og voru þau oft sótt langar leiðir, jafnvel margar dagleiðir. Birkibörkur var notaður til litunar og sútunar. Lim var mjög oft notað til heystyrks, og heitin á kjarrið og í skógana hefir forðað margri skepnunni frá horfelli.

Nýtjar þær, sem nú má hafa af birkiviði, eru enn hinar sömu, og auk þess gætu þær orðið langtum fjölbreyttari, ef að til væri mylla til þess að mala við í og hentug verksmiðja til þess að vinna við til ýmiss konar smíða.

En aðalatriðið í þessu er, hvort unnt sé að afla hráefnis í nógu stórum stíl. Til þess að vita, hvort þess sé kostur, verður að styðjast við mælingar af vexti birkisins á ýmsum stöðum hér á landi. Því miður eru ekki til nógu margar mælingar, af því, að skógrækt er enn á byrjunarstigi hér, og auk þess ná mælingarnar aðeins til rúmlega 30 fyrstu áranna af aldri trjáanna. Af þeim ástæðum verðum við að líta til annarra landa til þess að sjá, hvernig vexti birkis miðar fram á við á hinum ýmsu aldursskeiðum.

Vaxtarmælingar.

Í Svíþjóð eru til mælingar af vexti birkis, sem að nokkuru leyti eru sambærilegar við vöxt þess hér á landi. *) Taflan sýnir tölu teningsmetra af viði á hverjum hektara lands frá 30-80 ára.

Aldur trjáanna	30	40	50	60	70	80
Teningsmeter á hvern hektara	43	72	92	110	123	127
Vöxtur árs hvers á hektara í teningsm.	1,14	2,90	2,00	1,80	1,30	0,40

Hér er eigi tekinn með sá viður, sem fellur við grisjun, en hann nemur oft all miklu, einkum hin síðari ár. Samt sem áður er ljóst, að vöxtur skógarins er mestur milli 30 og 40 ára aldurs, en síðan smáminnkar hann, unz birkið hefir að mestu lokið vexti sínum um 80 ára að aldri. Ástæða er til þess að ætla, að vöxtur birkis hér sé mestur þegar trén eru um 40 ára, og að vöxturinn dvíni ekki að ráði fyrr en trén eru yfir 80 ára.

Í Noregi sýna mælingar úr einum bezta birkiskóginum við Maalselven, að birkið hefir vaxið um 1,7 teningsmetra á ári að meðaltali á hektara í 59 ára gömlum skógi. Veðurfar við Maalselven er eigi ósvipað því, sem hér er sums staðar, enda þótt staðurinn sé á 69. breiddarstigi.

Við Vefsen er vöxtur bjarkarinnar í miðlungs birkiskógi um 1,94 teningsmetrar á ári á hektara.

Í 750 metra hæð yfir sjó í Engerdal er 66 ára skógur með 115 teningsmetra viðarmagni á hektara. Meðalvöxtur er því 1,74 teningsm. En þar nálægt er annar skógur í lélegri jarðvegi, en jafn gamall. Þar voru aðeins 45 tenm á hverjum hektara lands. Sá vöxtur nemur eigi meiru en 0,7 teningsmetrum árlega.

Við skógarmörk í Jamtalandi í Svíþjóð er 70 ára birkiskógur, en vöxtur hans hefir eigi numið meiru en 0,86 tenm árlega. *)

*) Knut A. Skinnemoen: Lövskogens betydning, Oslo 1927.

*) Heimild að erlendu mælingunum : K. A. Skinnemoen: Lövskogens betydning.

Elztu viðarmælingar hér á landi eru gerðar í Fnjóskadal af Sigurði Sigurðssyni, síðar búnaðarmálastjóra, og eru þær birtar í Andvara árið 1900. Flokkaði hann skóginn í tvo flokka eftir gæðum, og taldist honum svo til, að í 1. fl. skógi væri meðal ársvöxtur 1,44 tenm, en í 2. fl. skógi væri vöxturinn um 0,95 tenm. Mælingar þessar eru gerðar á nokkuð annan hátt en vant er að mæla skóga nú, en samt virðast þær eigi fjarri lagi, þegar þær eru bornar saman við síðari mælingar.

Næstu mælingar voru gerðar af Flensborg. Hann mældi um 50 ára gamlan skógarteig í utanverðum Vaglaskógi. Hæð hans var um 4,6 metrar, en viðarmagn um 45 tenm á hektara. Meðalársvöxtur nemur því um 0,9 tenm, en þar sem aldurinn er eigi fast ákveðinn getur munað nokkuru til eða frá um meðal ársvöxt.

Í Gatnaskógi mældi Flensborg gisinn, gamlan skóg árið 1901. Um aldur eru því miður engar upplýsingar, svo að þessi mæling hefir í raun og veru ekkert gildi. Hæð trjánna var um 6 m og stóðu um 50 tenm á hektara.

A. F. Kofoed-Hansen mældi tvo reiti á Vöglum árin 1913, 1921 og 1925. Aldurs trjánna er ekki getið, en sjá má vaxtaraukann á þessu tímabili.

Reitur 1.

Ár	1913	1921	1925	Meðal vöxtur
Teningsmetrar á ha	21,0	32,0	39,5	12 ára
Meðal ársvöxtur í tenm		1,38	1,87	1,56

Reitur 2.

Ár	1913	1921	1925	Meðal vöxtur
Teningsmetrar á ha	25,0	35,0	42,0	12 ára
Meðal ársvöxtur í tenm		1,25	1,75	1,42

Viðarmæling í Mörkinni á Hallormsstað af rytjulegum og gisnum skógi, 31 árs að aldri, sýnir 1,05 tenm árlegan vöxt. Þessi mæling er ein hin nákvæmasta, sem hér hefir verið gerð.

Árið 1904 var plantað hnausplöntum af birki í Mörkina



Ljósm.: H. B.

Blágrenitrén á Hallormsstað.
Hið hæsta er 9 m. Trén er gróðursett 1905.



Ljósm.: H. B.

Úr furulundinum á Hallormsstað.

Gildari trén gróðursett 1906, hin grennri 1921.

á Hallormsstað. Var skógurinn mældur árið 1935. Þá var meðalhæð trjáanna 6 metrar og stóðu 5640 tré á hektara. Viðarmagnið reyndist 42 tenm á hektara, en fallið höfðu 3 tenm við grisjun áður. Vöxturinn nam því 1,45 tenm árlega.

Í Lýsishólum í Hallormsstaðarskógi er skógur frá 1905. Hann hefir verið mældur árin 1935, 1940 og 1943. Meðal ársvöxtur reyndist 1,15 tenm.

Sé tekið meðaltal af hinum 5 mælingum frá Vöglum og Hallormsstað nemur vöxturinn um 1,3 teningsmetrum árlega fyrstu 30-35 árin. Verður að telja þetta mjög sæmilegan ársvöxt, þegar hann er borinn saman við ýmsar mælinganna frá Noregi. Næstu 20-30 árin verður vöxturinn að líkindum meiri í þessum skógarteigum, og ætti að mega vænta þess, að í 60 ára skógi muni standa yfir 80 tenm af viði á hektara og rúmlega 100, þegar skógurinn hefir náð 80 ára aldri. Með góðri meðferð skóganna og nákvæmri grisjun má án efa láta birkið vaxa um 1,5 tenm árlega á hektara víðs vegar um land.

Í Fnjóskadal einum mætti rækta um 800 hektara skóglendis með friðun og góðri meðferð. Ef þeir skógar gætu með tímanum gefið af sér 1,3 tenm af viði árlega á hektara, mundi fást viðarmagn, er næmi 1040 teningsmetrum árlega eða rúmlega 500 tonnum af viði. Úr því magni mætti vinna mörg þúsund fermetra af þilborðum með einfaldri kvörn og pressu.

Í síðasta Ársriti var nokkuð greint frá líkindum þeim, sem eru fyrir því, að hér sé unnt að rækta nokkurar erlendar trjátegundir með góðum árangri. Um vöxt slíkra trjátegunda er erfitt að segja fyrir, en barrtré vaxa yfirleitt all miklu hraðar en lauftré, og því mætti vænta örari vaxtar af sumum erlendum tegundum en af birki. Skógarfururnar á Hallormsstað voru mældar árið 1943, er þær voru 37 ára. Meðal ársvöxtur þeirra nam um 3,1 tenm af viði árlega á hektara. Á öðrum stað standa allmargar furur þétt saman á frjóum og góðum stað, og þar hefir

vöxturinn orðið enn meiri, eða um 3,6 tenm árlega á hektara. Slíkt er alveg frábær vöxtur, og ef að hægt væri að rækta furu víðar með slíkum árangri, mundi furuskógarræktun verða mjög arðvænleg.

Lerki á Hallormsstað hefir þó náð enn hraðari vexti, en af því hve svæðið er lítið, sem lerkið vex á, er erfitt að draga af því nákvæmar ályktanir. Virðist þó svo, sem að það hafi vaxið um 4 tenm árlega miðað við hektara lands.

Stóru blágrenitrén á Hallormsstað hafa einnig vaxið ágætlega vel, eftir að þau komust yfir fyrstu árin. Hið hæsta þeirra er nú 8,5 metrar á hæð, en hið næst hæsta 7,7. Tvö eru 6,1 metrar, en hið minnsta 5,7 metrar. Þessi tré eru gróðursett sem agnar litlar plöntur árið 1905.

Vöxtur annarra barrtrjáa er enn lítt kunnur, nema að árssprotar fjallafuru hafa oft verið mældir. En þar sem fjallafuran er runnur en eigi tré, er ástæðulaust að greina frá þeim mælingum hér. Loks hafa fáein sitkagrenitré í Múlakoti verið mæld nákvæmlega. Trén voru flutt hingað frá Noregi 1937 frá Ekhaug við Bergen. Fræið á að hafa komið frá Alaska, en ókunnugt er um uppruna þess. Plönturnar voru um 60-70 sm á hæð, er þær voru gróðursettar, og hafa þá sennilega verið 6-8 ára. Meðal hæðarvöxtur 14 trjáa var 30 sm frá árinu 1938 til vorsins 1944, en 37 sm, sé talið frá 1941. Meðal hæð trjánna er 2,40 metrar, en hæsta tréð var 3,50 metrar. Þetta tré hefir hækkað um 60 sm að meðaltali undanfarin þrjú ár, og er slíkt mesti vöxtur, sem nokkurt barrtré hefir tekið hér á landi, svo að kunnugt sé.

NIÐURLAG.

Grein þessari var í upphafi aðeins ætlað að vera stutt yfirlit um nytjar þær, sem fengjust af ræktun skóga hér á landi. Því er víðs fjarri, að því efni hafi verið gerð full skil, enda þótt greinin hafi bæði orðið lengri og komið víðar við en í fyrstu var ætlað. Er því sennilegt, að áður

en mörg ár líða, verði einhverjir þættir hennar teknir á ný til umræðu í Ársritinu og reynt að gera þeim betri skil.

Enginn mun líta svo á, að stunda beri skógrækt hér á landi, ef að þjóðfélagið hefir ekki hag af því. Hefir nú verið reynt að sýna fram á, að hinar ýmsu nytjar, sem hafa má af skógum, séu svo þungar á metunum og svo mikils virði fyrir þjóðina, að eigi verði hjá því komizt, að leggja meira kapp á þau mál en gert hefir verið.

Lítill vafi getur leikið á því, að við uppgræðslu eyddra landa hljóta menn að nota birkið til þess að vernda jarðveginn og jafnvel til þess að græða eydd lönd. Verði nokkurn tíma til þess hugsað að græða upp berar fjallaskriður, verður það eigi gert, svo að varanlegt sé, nema með birkigróðri.

Viður sá, sem nú orðið fæst úr þeim tveim skógum landsins, sem lengstrar friðunar hafa notið, er svo mikill, að það þyrfti að vinda bráðan bug að því, að friða allt skóglendi, sem líkur eru til að gæti vaxið upp á sama hátt og gefið svipað viðarmagn. Er það áreiðanlega til stórtjóns fyrir þjóðina í framtíðinni, að láta friðun skóglenda reka á reiðanum eins og verið hefir.

Þar sem nokkrir erlendir barrviðir virðast geta náð mjög sæmilegum vexti í skjóli birkiskóganna, er brýn nauðsyn til þess að leggja meira kapp á ræktun þeirra en gert hefir verið, því að barrviðir eru notaðir til fjölmargra hluta, sem eigi er unnt að nota laufviði í.

Menn verða samt að vera minnugir þess, að lega landsins og veðurfar skapar öllum gróðri hér á landi all kröpp kjör, og þess vegna er eigi unnt að bæta það á fáum árum, sem þrjátíu kynslóðir hafa eytt á þúsund árum, en því fyrr og því öflugar sem menn leggjast á eina sveif til þess að klæða landið, þeim mun fyrr verður það bygglegt á ný.

Ingvar Gunnarsson:

Hellisgerði.

Í vor voru liðin rétt tuttugu ár frá gróðursetningu fyrstu trjáplantnanna í Hellisgerði og tuttugu og eitt ár síðan svæðið var girt. Það er málfundarfélagið Magni, sem gengizt hefur fyrir ræktun Hellisgerðis, en tildrög þess eru þau, er nú skal greina.

Á árunum 1920-24 var mikið unnið að fiskreitagerð í hrauninu utan við bæinn, og margir spáðu því, að brátt myndi hið sérkennilega landslag bæjarstæðisins verða þurrkað út vegna fyrrnefndra aðgerða, ásamt auknum húsabyggingum.

Þá var það, að Guðmundur Einarsson forstjóri H/F Dvergs hér í bæ, vakti máls á því, á fundi í málfundarfélaginu Magna, 15. marz 1922, hvort félagið vildi ekki hafa forgöngu í því, að friða og varðveita einhvern blett innan bæjarstæðisins, sem geymt gæti sem flest sérkenni þess landslags, er mestur hluti bæjarins er byggður á. Félagsmenn tóku málinu vel, og á fundinum var samþykkt að fela stjórn félagsins að sækja um umráðarétt á hæfilega stórri landsspildu, og var kosin nefnd til að ákveða, hvar sá blettur skyldi vera.

Fyrir vali nefndarinnar varð landsspilda sú, er Hellisgerði nefndist, og var nafnið látið haldast, svo sem kunnugt er.

Þó að í upphafi væri aðeins gert ráð fyrir að landssvæði þetta geymdi óraskaðar minjar um sérkenni bæjarstæðisins, leið ekki á löngu, að félagsmenn færu að hugsa um að



the Migrant,
U.S. Bureau of
Immigration



Medina (15)

græða landið og prýða. Nærri lá að fjárhagslegir örðugleikar yrðu þessu ræktunarmáli að fótakefli í fyrstu, en úr því rættist fyrr en varði, þó að jafnan hafi orðið að miða allar framkvæmdir við erfiðan fjárhag, fram að síðustu árum.

Land það, sem félagið hefur fengið, er seinunnið og erfitt til ræktunar, að mestu leyti gróðurlausar hraungjótur, klettadrangar og berar klappir. Miklu af grjóti hefur orðið að ryðja á braut, rífa niður kletta og fylla upp gjótur, en þess þó jafnan gætt, að gera sem minnsta röskun á því, sem sérkennilegast er í landslagi garðsins.

Allt þetta hefur unnizt smám saman í rétta átt á þeim tuttugu árum, sem liðin eru síðan ræktunarstarfið var hafið. Nú er verið að hefja nýjan áfanga í ræktun garðsins. Í fyrra vor var girðingin færð út yfir allstórt landssvæði, sem verið er að hreinsa til, og nú er búið að flytja mikla mold í það og byrjað að gróðursetja þar tré, runna og blómjurtir.

1. maí 1924 voru fyrstu trjáplönturnar gróðursettar í Hellisgerði. Við áttum þá völ innlendra og erlendra trjáplantna, og á þeim var mjög mikill stærðarmunur; innlendu plönturnar tólf til tuttugu sm háar, en þær erlendu meter og þar yfir.

Það var því freistandi, að taka þær fram yfir hinar innlendu, en sem betur fór, gerði ég það ekki, og ekki held ég, að það mundi freista mín nú, eftir tuttugu ára reynslu í þessu starfi. Það kom brátt í ljós, að hinar erlendu trjáplöntur áttu erfitt með að setta sig við þau skilyrði, sem íslensk mold og loftslag bauð þeim upp á. Sumarvöxturinn var að vísu góður hjá sumum þeirra, en þær þöldu illa haustnæðingana og vorhretin; það fór brátt að bera á kali og ýmsum sjúkleika- og vanþrífæinkennum hjá mörgum þeirra, en þær innlendu hófu sig hærra og hærra með ári hverju; vanhöld á þeim voru engin, og sjáanlegt var, að þær kunnu vel við sig í sínum nýju heimkynnum. Margar þeirra eru nú orðnar 5-7,5 metrar á

hæð. Einstakar hinna erlendu plantna hafa náð allgóðum þroska, einkum þær, sem eru af norskum uppruna; þær hafa reynzt miklu betur en hinar, sem fengnar voru frá Danmörku.

Birkiplöntur fengum við fyrsta árið frá Vöglum og Hallormsstað. Það var auðséð, að lítil rækt hafði verið lögð við uppeldi þeirra, og er þar ólíku saman að jafna og plöntum þeim, sem nú koma frá þessum gróðrarstöðvum, en sæmilega hafa þessar plöntur reynzt og margar þeirra eru nú orðnar 3-5 metra háar.

Síðar fengum við birkiplöntur frá Þórsmörk og reyni og birki frá Múlakoti. Þær plöntur, er ég hefi fengið þaðan, virðast mér bezta upp aldar og fegurstar þeirra plantna, er ég hefi fengið að; en hér getur einnig uppruni ráðið nokkru um. Ýmsar fleiri tegundir lauftrjáa eru í garðinum, en misjafnlega hefur gengið að fá þær til að vaxa, þó að sumar þeirra hafi reynzt okkur sæmilega harðgerar. Sorbus scandica hefur yfirleitt reynzt vel, en er ekki eins bráðþroska og hinn algengi reynir, Sorbus aucuparia, en er harðger og að mestu laus við kvilla.

Fyrstu tré þessarar tegundar voru gróðursett í garðinum árið 1930. Þau eru nú orðin 5-6 metra há, beinvaxin og þroskaleg. Álmtré hafa verið gróðursett, en eru ung og hafa enn ekki náð miklum þroska. Reyndar hafa verið nokkrar aspartegundir, þar á meðal blæösp úr Fnjóskadalnum; hún er nú sem óðast að rétta úr sér og er orðin 3 m á hæð og breiðist ört út með rótarskotum, og koma sum þeirra upp í nokkurra metra fjarlægð frá móðurplöntunni. Þess skal getið, að planta þessi var gróðursett árið 1930, þá nokkurra cm há.

Gráösp þrífst vel og virðist sæmilega harðger. Hrossakastaníur voru nokkrar gróðursettar árið 1930; þær eru fremur framfaralitlar, en hafa allt af verið lausar við kal og eru nú orðnar 3-5 metrar á hæð. Elri hefur verið reynt þar, en er þroskalítið enn þá. Ýmsar fleiri tegundir lauftrjáa hafa og verið reyndar.

Runna-tegundir eru margar í garðinum, þar á meðal rauðberjaribs, sólberjaribs, gulvíðir og stíkilsber. Gullregn hefur þrifizt vel og borið mikið af blómum nokkur undanfarandi sumur. Þingvíðir og fagurvíðir vex ört. Sem dæmi þess skal sagt frá því, að fagurvíðiplanta, er gróðursett var árið 1938, er nú orðin rúmir fimm metrar á hæð, einstofna og beinvaxin. Heggur vex vel, og eru elztu plönturnar frá árinu 1928 orðnar fimm til sex m. Dálítið bar á kali á þeim fyrstu árin, en lítið hin síðari ár.

Geitblöðungur er í góðum vexti og blómgvast árlega.

Síberiskt baunatré, harðger og blómsæll runni.

Nokkur rósaafbrigði hafa verið reynd og virðast harðger og blómgvast á hverju ári. Þá eru þar einnig ýmsar tegundir af spíreum, fallegir runnar og blómsælir.

Af barrtrjám skal nefna barrfelli eða lerki. Af þessari tegund voru settar nokkrar plöntur árið 1928, og eru þær orðnar 3-5 m á hæð. Stundum hefur borið nokkuð á toppkali á þessum trjám, en að öðru leyti hafa þau reynzt hraust. Nokkrar plöntur þessarar tegundar hafa verið gróðursettar síðar, og er vöxtur þeirra betri. Fjallafura hefir verið reynd, en ekki þrifizt vel. Af greni hafa verið gróðursettar ýmsar tegundir, og hefur sitkagrenið reynzt bezt. Af þessari tegund voru fengin frá Danmörku árið 1930 nokkur tré, sem þá voru um 50 cm á hæð, en eru nú orðin 2,5-3,5 m. Síðar hafa verið gróðursettar nokkrar plöntur þessarar tegundar, fengnar frá Noregi, og gefa þær vonir um betri árangur.

Hér skal ekki meira rætt um árangur af trjá- og runnaræktun í Hellisgerði, en minnst heldur með örfáum orðum á blómaræktina, sem frá öndverðu hefir verið annar aðalþátturinn í ræktun garðsins. Aðal áherzlan hefur verið lögð á ræktun erlendra skrautjurta, og hafa flestar þeirra þrifizt vel og átt sinn mikla þátt í því að fegra og prýða garðinn, og gera hann aðlaðandi og minnisstæðan mörgum þeim, er þar hafa komið, því óvíða nýtur blómaskrúð sín betur, en meðfram klettum og innan um hraungrýti,

ef því er þar vel og haganlega fyrir komið. Dálítið hefir verið reynt að rækta af innlendum blómjurtum, og fer tegundum þeirra fjölgandi með ári hverju, og fullan hug höfum við á, að koma upp fjölbreyttu safni íslenzkra plantna á einhverjum góðum stað í garðinum. Þá hafa nokkrar burknategundir verið gróðursettar undir hellisskútum og í hraunsprungum, en erfitt er að verja þenna gróður sem og annan fyrir áleitni óhlutvandra gesta, sem oft vilja gleyma, hvar þeir eru staddir, og fara ránshöndum um flest, sem á vegi þeirra verður, en í stórum hópi gesta flýtur ávallt eitthvað með af þess konar fólki, og væri mesta þörf á, að um það mál og umgengnisvenjur fólks í skróðgörðum og á skemmti- og hvíldarstöðum, væri meira rætt og ritað en gert hefir verið.

Hér hefur í stuttu máli verið sagt frá, hver árangur hefur orðið af ræktunarstarfi þeirra fáu áhugamanna, er hófu starfsemi sína í Hellisgerði fyrir 20 árum. Á frumbýlingsárunum virtust erfiðleikar þeir, sem yfirstíga þurfti, lítt vinnandi vegur þeim fámenna hóp, er að málinu stóð. En hér sannaðist sem oftast, að viljinn dregur hálft hláss. Hjá Magna-mönnum var ekki einungis vilji til að sigrast á ræktunarerfiðleikunum, heldur einnig vilji til að sigrast á þeirri aldagömlu trú, að íslenzk mold búi ekki yfir því frjómagni, sem þarf til að klæða landið skógi á ný.

Hellisgerði er orðið kært öllum félagsmönnum, og ekki einasta þeim, heldur bæjarbúum yfirleitt. Af góðhug og velvild vinna nú velunnarar garðsins ásamt félagsmönnum að aukinni ræktun og meiri fegrun hans, með fjárframlögum af fúsum vilja og ótilkvaddir og á ýmsan annan hátt. Ekki er þessi vinarhugur eingöngu bundinn við Hafnfirðinga, því að ýmsir Reykvíkingar og aðrir víðs vegar af landinu hafa rétt starfinu örfandi hönd, með fjárframlögum og plöntusendingum. Öllum þessum fjölmenna hópi vina og velunnara Hellisgerðis sendir Magni sínar beztu þakkir og kveðjur.

Bergur Jónsson:

Ræða

flutt á „Jónsmessuhátíð“ málfundafélagsins Magna í Hellisgerði í Hafnarfirði sunnudaginn 11. júlí 1943.

Góðir áheyrendur!

Öllum mun yður það nú kunnugt, að 24. júní s.l., á Jónsmessudag, var 20 ára vígsludagsafmæli eins markverðasta viðburðar í sögu Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem menn rekur minni til. Hvað sem um aðra hefur verið, var mér þetta ókunnugt fyrr en eftir að afmælisdagurinn var liðinn. En fyrir nokkrum dögum, er ég hafði látið til leiðast að stíga í ræðustól á hátíð þeirri, er nú fer hér fram, veittist mér sú ánægja að fá að lesa handrit af tveimur ræðum, er góðkunnur borgari hér í bæ, hr. kaupmaður Valdimar Long, hefir haldið á tveim sumarhátíðum eða svo kölluðum „Jónsmessuhátíðum“ Magna, þótt eigi beri þær ávallt upp á Jónsmessudaginn. Fyrri ræðan var haldin 24. júní 1923, og er því vígsluræða Hellisgerðis, en hin síðari á „Jónsmessuhátíð“ Magna á Hamarkotstúni um 8 árum síðar, 29. maí 1931. Mun hr. V. Long hafa verið formaður málfundafélagsins Magna í bæði skiptin, er hann flutti ræður þessar. Þótt engra fleiri heimilda hefði verið völ, nægja ræður þessar fullkomlega til þess að greina þau höfuðatriði, sem oss Hafnfirðingum er bæði rétt og skylt að minnast nú.

Málfundafélagið Magni var stofnað hér í Hafnarfirði í nóvember 1920 og er því tuttugu og tveggja og hálfis árs

gamalt nú, en sem næst tuttugu og þriggja vetra. Félagið hefir verið stofnað af áhugamönnum í þeim tilgangi, samkvæmt orðum V. Long, að efla andlegan áhuga meðlima sinna og jafnframt til þess að reyna að gerast megnugt þess, að orka á andlegt líf bæjarins í heild. Skilgreining þessi bendir all fast til þess, að eigi hafi stofnendur verið, að minnsta kosti eigi að meirihluta, kaldhamraðir efnishyggjumenn, sem telja sál eða hug mannsins aðeins eiginleika efnisins í mannslíkamanum. En hvað sem um það er, - enda er hér hvorki aðstæða né tilefni til hugleiðinga um efnishyggju eða eðli mannssálarinnar -, sýnir stefnuskrá Magna-manna það ljóslega, að þeir hafa talið það andlegu lífi mannsins til bóta, að aðrir reyndu að orka á það með orðum og athöfnum. Mun ég nú reyna að gera grein fyrir því, eftir kunnugleika og frá mínu sjónarmiði, hvernig félagsmönnum hefur tekizt að inna það hlutverk af höndum, sem þeir hafa í upphafi tekizt á hendur.

Innanfélagsstarfsemi hefir sjálfsagt oft verið all mikil, en um hana get ég yfirleitt ekkert sagt; um hana eru félagsmenn einir til frásagnar, enda hefi ég einskis spurt eða á annan hátt reynt að hnýsast í hana, en ekki hygg ég ástæðu til að efa það, að á málfundum sínum hafi félagsmönnum oft tekizt að hleypa hver öðrum á margan snarpan andlegan fjörsprett og hafi þannig auðnast að orka á andlegt líf hvers annars. Að fráteknun, en þó ógleymdun, Jónsmessuhátíðun sínum, sem ávallt hafa verið einhverjar hinar hollustu og beztu útiskemmtanir hér í bæ, má segja, að viðleitni félagsins til þess að ná því takmarki, að orka á andlegt líf bæjarbúa í heild, til umbóta, hafi verið ofin úr tveim höfuðþáttum.

Fyrri þátturinn er forganga og íhlutun félagsins um öflun alþýðufræðslufyrirlestra fyrir bæjarbúa á fyrri hluta starfstíma síns, fyrst í samvinnu við Stúdentafélag Reykjavíkur og síðar af eigin ramleik. Hversu sá þáttur hefir orkað á andlegt líf bæjarbúa, verður auðvitað eigi, fremur en önnur andleg verðmæti, tölum talið né heldur

vegið eða mælt, á jarðneska vog eða mæli. Þeir frjóangar, sem þeirrar ættar eru, hafa skotið rótum sínum í leynd hugarfylgsni manna og kunna að hafa borið ríkulegan ávöxt hjá fjölda fólks, skerpt hugsanalífið, auðgað hugarheiminn, aukið andlegt víðsýni, þekkingu og skilning á hinum margvíslegu og oft torráðnu gátum mannlegs lífs, þótt vér fáum eigi séð þess stað og engu mati verði á það komið. En víst er um það, að þeim verðmætum, sem við þetta hafa skapast, fær hvorki mölur né ryð grandað. Það má vel vera, að til sé margur „mannsandans draumur í orðsins hafti“ og „margt ljós og lifandi orð“, þótt vér fáum það eigi augum litið.

Síðari þátturinn hefur hins vegar borið sýnilegan „ávöxt“, verk, sem vér fáum augum litið, eða eins og Valdimar Long orðaði það í ræðu sinni 1931, „óbrotgjarn minnisvarði um tilveru félagsins“, og svo verður vonandi um langan aldur. Ávöxtur eða minnisvarði þessa starfsþáttar Magna-félagsins er skemmti- og skruðgarðurinn Hellisgerði, sem hér er fyrir augum vorum í tign sinni og fegurð. Hér er áþreifanlegt og sýnilegt sköpunarverk, árangur af samstarfi mannsanda og mannshandar annars vegar og sköpunarmætti náttúrunnar hins vegar. Mannsandinn og mannshöndin stýrir hinum skapandi mætti náttúrunnar á meðan listaverkið, skruðgarðurinn, skapast og mótask á þann hátt, sem mannsandinn helst kýs, en fullnæging óskarinnar verður að hlíta þeim skilmálum, sem lögmál náttúrunnar setja. Mannshöndin starfar hér á sama hátt að sínu leyti og „mundin, sem hvílir á meitli og skapti“. (E. B. Fákár.)

Gamalt íslenzkt spakmæli hljóðar svo:

Á hrísi
og háu grasi
er augna vegur
en eigi fóta.

Augu vor geta litið fegurð gróðursins; hin fagra mynd fær fest sig í sálu vora, en vér megum ekki fótum troða,

traðka niður, gróðurinn, sem skapar lífsþræði myndarinnar, því þá raskast myndin, slitnar, máist og eyðist.

Allar framkvæmdir manna, góðar sem illar, fagrar og ljótar, eiga uppruna sinn og síðar mótun, þróun og viðhald að rekja til mannsandans, hugarlífs mannsins, þar sem hugsun, hugmynd og hugsjón skapast. Í einu kvæði sínu talar Jón Helgason, prófessor og skáld (gamall Hafnfirðingur, þótt eigi sé hann fæddur hér) um mannveru, sem átti „blóðsins heita hraða, hugarleiftur kvik“. Sumar hinar mikilvirkustu, afdrifaríkustu eða snjöllustu uppgötvanir manna eiga uppruna sinn í „kviku hugarleiftri“. Það ágæta verk, sem nú á 20 ára vígsluafmæli, á rót sína að rekja til hugsana (ef til vill hugarleifturs) og síðar hugsjónar, sem fæddist í huga eins félagsmanns í Magna, hr. verksmiðjustjóra Guðmundar Einarssonar. Hann gerði félögum sínum grein fyrir þessari hugsjón; þeir gripu hana fegins hendi, og í félagsskap og samvinnu hafa þeir hrundið henni í framkvæmd. Ef þessi hugsjón hefði eigi orðið til hjá Guðmundi eða hann hefði dulið hana í fylgsnum huga síns, búið að henni einn, lagzt á hana eins og ormur á gull, án þess að gefa henni „lifandi orð“ og flytja það félögum sínum, eða ef þeir og aðrir hefðu skellt skollaeyrum við, væri þessi skrudgarður ekki hér nú, hér væri sennilega á engan hátt merkilegri né fegurri staður en margir aðrir í Hafnarfjarðarhrauni eða í bænum sjálfum, sennilega einhverjar húsabyggingar, sem nú standa annars staðar í bænum. Hér er um að ræða ágætt dæmi frjórrar hugsunar, sagðrar á réttum tíma við rétta menn, sem skildu hugsunina, tileinkuðu sér hana og hrundu henni umsvifalaust í framkvæmd. Hugsjónamaðurinn hefir séð það réttilega, hve prýðilega þessi staður var til þess fallinn að verða fagur skemmti- og skrudgarður, honum hafa legið í augum uppi hin ágætu skilyrði, annars vegar hið ágæta skjól fyrir neþjum og næðingum, sem hamraveggurinn og hraundrangarnir veita gróðri, og hins vegar, en eigi síður, skilyrðin til meiri fegurðar, sem skapast við það,

er andstæðurnar mætast, annars vegar hið drungalega, kaldranalega, hrikalega hraungrýti í dröngum, skútum og gjám, hin furðulega tign hins storknaða loga og hins vegar hinn litauði og fjölskrúðugi lífgróður trjána, blómanna og grasanna.

Félagar Guðmundar í Magna reyndust hvorttveggja í senn, gott viðtæki og afbragðs útvarpstæki. Með hita hugsjónamanna, raunsæi, atorku og þoli framkvæmdarmanna, voru þeir undurfljótir að koma hugsjóninni í framkvæmd, reisa hinn óbrotgjarna minnisvarða um tilveru félagsins.

Bæjarstjórn sýndi ágætan skilning og lét félagið fá garðsvæðið til umráða og afnota, til framkvæmdar hugsjóninni. Svæðið hafði verið girt á Jónsmessu 1923; síðan hefir verið unnið slitlaust að sköpun, fegrun, skipulagningu og aukningu gróðursins. Við það verk hefur Ingvar Gunnarsson kennari unnið ósleitilega, með huga og hönd, frá byrjun til þessa dags. Félagið hefur að mestu haldið sjálft uppi kostnaðinum, og félagsmennirnir, ekki sízt Guðmundur Einarsson, aðstoðað Ingvar í framkvæmd verksins. Nokkrar tekjur til framkvæmdar og viðhalds hafa fengizt með Jónsmessuhátíðunum, blómasölu o. þ. h., og á síðari árum hefur bæjarsjóður styrkt garðinn með fjárframlögum. Loks má eigi gleyma því, að Bjarni Snæbjörnsson, læknir, sýndi þá rausn og smekkvísi á 25 ára læknisafmæli sínu að gefa Hellisgerði höggmynd þá, sem gosbrunnur garðsins fer um, en útgerðarmannafélag Hafnarfjarðar og ýmsir einstaklingar skutu saman um 7 þúsundum króna til þess að koma höggmyndinni fyrir á réttan hátt, sem perlu í gosbrunninum.

Að öðru leyti mun ég ekki rekja sögu garðsins frekar; þar eru margir mér miklu fróðari.

Ég þykist ekki láta ofmælt og ekki fara með skrum né geypan, þótt ég kveði svo að orði, að við sköpun þessa skruðgarðs á þessum stað, þar sem fyrr var aðeins hraungrýti, að mestu ógróið nema að mosa, en gras aðeins í lægðum, hafi Magni unnið stórvirki, sem eigi að fá að

standa áfram sem óbrotgjarn minnisvarði göfugs hlutverks félagsins, sem það hefur með ágætum af hendi leyst. En til þess að svo megi verða, þurfa Hafnfirðingar, eigi aðeins hin núverandi kynslóð, heldur einnig sú uppvaxandi og hinar síðari, að gæta þess, að minnisvarðinn verði eigi aðeins óbrotgjarn, heldur einnig óbrjótandi, styðja hann og styrkja svo, að hann nái hátindi fegurðar og tignar, en gæta þess síðan, að þaðan verði eigi þokað. Að þessa ber að gæta, verður sérlega ljóst, er á það er litið, að það er ekki fyrst og fremst hið áþreifanlega, sýnilega ytra gervi, sem gefur garðinum gildi, heldur jafnvel miklu fremur hitt, sem eigi verður skynjað að hversdagslegum hætti, hið andlega vekjandi, lífgandi og skapandi gildi, sem orkar á mannshugann. Í Hávamálum segir:

orð mér af orði
orðs leitaði
verk mér af verki verks,

og Fornólfur segir í Kvæða-Önnu:

„Aldan sjaldan einstök fer,
urðu bömin fleiri.“

Þessar tilvitnanir vísa til hins sama: Hvert orð, hvert verk, hver hugsun á sér afkvæmi, eins og alda eftir öldu. Hver afleiðing á sér orsök og orsökinn afleiðingu og svo koll af kolli.

Hellisgerði eykur fegurðarskyn þeirra, sem það sjá, hin andlega tign garðsins, fegurðin, er frjó í hinu rétta heimkynni sínu, mannssálinni, þar skapar hún nýja fegurð, fyrirmynd nýs, fagurs garðs. Áhugi manna og þrá eftir því að skapa eftirmynd garðsins, ekki sízt í hraunborginni, fæðist, þróast, eflist og fullkomnast, leitar smásaman til enn meiri fullkomnunar, áfram fram úr fyrirmyndinni, lengra, hærra. Á meðan Hellisgerði er við lýði, eða er munað, mun það geta sér ný afkvæmi. Og þessi eina tegund fegurðarleitar, leiðir til annarra tegundafegurðarleitar, í húsagerð og annari mannvirkjagerð, í umgengni og

umhirðu, jafnvel ekki sízt mun hún orka á sjálfa orðsins list, með því að orka á undirstöðu orðslistarinnar, hugarlífið, hið skapandi afl mannsandans.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég beina örfáum orðum sem Hafnfirðingur og jafnframt af hálfu Hafnfirðinga til Magna-manna. Enda þótt fjöldi manns hér í bæ, sem ekki hafa tekið beinan þátt í sköpun Hellisgerðis, séu sennilega miklu kunnari sögu þess heldur en ég og geti því betur sagt hana, hafa forystumenn Magna með því að fá mér það hlutverk að tala hér á þessari afmælishátíð Hellisgerðis, knúið mig til þess að kynna mér að nokkru svo hugljúfa sögu, að tæpast hefir annað viðfangsefni heillað hug minn meir. Hellisgerði er nú orðið í huga mínum ekki aðeins dýrlegt furðuverk og aðdánlegur skrúðgarður, sem í sólglitri tekur sennilega fram að fegurð öllum skrúðgörðum hér á landi og jafnvel þótt víðar sé leitað, heldur fyrst og fremst ljómandi æfintýri, sem ofið er úr mörgum þáttum, hinn jarðneski, dásamlegi skrúðgarður er aðeins einn af þessum þáttum, en hversu fjarri sem maður er garðinum, þegar æfintýrið leikur um hugarlöndin, ljómar myndin og minningin, glitrandi af hugarleiftrum, hugsjónum, skilningi hugsjóna, framkvæmdaþrá, sjálfsgleyminni fórnarlund, þrautsegu, þoli og óbilandi framtíðartrú. Þau æfintýri gleymast aldrei, sem eitt sinn hafa ljómað fyrir hugskotssjónum manna í litskrúði þessara gimsteina. Þess vegna segi ég yður, Magna-menn:

Hellisgerði hefir fyrir löngu verið þegið með þökkum af yðar hendi og Hafnfirðinga, og þeir telja sér skylt að sjá um það, að þessi minnisvarði um starf yðar nái hátindi fegurðar og hrapi ekki af honum, en hugljúfust verður gjöfin sem ógleymanlegt æfintýri, ofið úr mynd og minni garðsins og mannkosta þeirra, sem skópu fegurð hans og héldu henni við. Í því æfintýri býr frækorn hins sífellda frjóvgunar- og lífgjafarafls, sem aldrei hættir að skapa nýjar lífsmyndir.



Ljósm.: Kjartan Ó. Bjarnason,
Hellisgerði.



Ljósm.: Kjartan Ó. Bjarnason.

Hellisgerði.

Hákon Bjarnason:

Gjöf Jóns Guðmundssonar.

Minningarsjóður Guðbjargar Jónsdóttur, Sigríðar
Guðmundsdóttur og Jóns Guðmundssonar
á Brúsastöðum.

17. júní í vor komu nokkrir menn saman í Þingvallabænum um klukkan 11 fyrir hádegi. Þar afhenti Jón Guðmundsson, gestgjafi í Valhöll, stjórn Skógræktarfélags Íslands og Þingvallanefnd þrjú hundruð þúsund króna gjöf, sem varið skyldi til skógræktar á Þingvöllum. Formenn Þingvallanefndar og Skógræktarfélagsins þökkðu með hlýjum orðum hina höfðinglegu gjöf, en Jón Guðmundsson skýrði frá því í fáum orðum, hvaða orsakir lægju til þess, að hann léti þessa gjöf af hendi rakna.

Þessi gjöf Jóns mun vera hin höfðinglegasta og mesta peningagjöf, sem nokkur Íslendingur hefir látið af hendi rakna fyrr og síðar, og vart munu þær fleiri en ein eða tvær stórgjafir, sem gefnar hafa verið almenningi að gefendum lifandi, er hafa numið meiru.

Skipulagsskrá sjóðsins er prentuð hér á eftir, og af henni má sjá, hvernig verja á vöxtunum af fé því, sem Jón hefir gefið, til þess að fegra og bæta þann stað á landinu, sem öllum Íslendingum er ástfólgnastrur. Þess skal getið, að féð er ávaxtað á tryggum stað, og strax á þessu ári verða kr. 8000,00 handbærar til fegrunar staðarins, og því munu framkvæmdir hafnar þegar á næsta vori.



Jón Guðmundsson, Brúsastöðum.

Jón Guðmundsson, gefandi þessarar miklu gjafar, er fæddur 7. sept. 1883 í Hörgsholti í Hrunamannahreppi. Hann ólst upp við sömu kjör og alþýða manna þar austur frá á góðu heimili. Árið 1908 hóf hann búskap á Heiðarbæ í Þingvallasveit, en árið 1920 flutti hann búferlum að Brúsastöðum í sömu sveit, og þar hefir hann haft bú síðan. Árið 1918 keypti Jón Valhöll, og hefir hann rekið þar greiðasölu síðan.

Á uppvaxtarárum Jóns var lítið hugsað um að rækta og bæta landið, enda var þá oft erfitt í ári og afkoma manna víða tæp. En snemma beygist krókurinn, segir máltækið, og á unga aldri réðst Jón í það ásamt systkinum sínum að búa til ofurlítinn blómgarð heima í Hörgsholti, sem þá var einsdæmi þar um slóðir. Hefir þetta atvik áreiðanlega mótað Jón meira en margt annað, því að alla tíð síðan hefir honum verið hugleikið að rækta og fegra landið. Kom það greinilega fram, er hann gekkst fyrir stofnun Skógræktarsjóðs Þingvallahrepps fyrir nokkrum árum. Og nú kemur þetta enn betur og skýrar í ljós, þegar hann leggur fram mikinn hluta eigna sinna til þess að rækta skóg við Þingvöll.

Jón Guðmundsson hefir orðið fyrir þeim harmi að missa einkadóttur sína og ágæta eiginkonu, en honum hefir farið líkt og Agli, er kvað sig stóran, og séra Þórarni Böðvarssyni, sem reisti Flensborgarskólann til minningar um látinn son sinn. Hann rekur harma sína með því að vekja líf og gróður á hrjóstrugum hraunum; hann leggur fé sitt á vöxtu hjá landinu sjálfu, en það er eitt af því fáa, sem getur skapað eilíf verðmæti.

Skipulagsskrá Minningarsjóðs Guðbjargar Jónsdóttur, Sigríðar
Guðmundsdóttur og Jóns Guðmundssonar
á Brúsastöðum.

1. Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðbjargar Jónsdóttur, Sigríðar Guðmundsdóttur og Jóns Guðmundssonar.
2. Tilgangur sjóðsins er að efla skógrækt og aðra gróðurskreyting á Þingvöllum og Brúsastöðum.
3. Stofnfé sjóðsins er kr. 300.000,00 - þrjú hundruð þúsund krónur -. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða. Sjóðurinn ávaxtast samkvæmt fyrirmælum gjafabréfs útgefna af Jóni Guðmundssyni, Þingvöllum.
4. Stjórn sjóðsins skipa þessir menn: Formaður Skógræktarfélags Íslands. En verði það félag lagt niður, þá skógræktarstjóri. Formaður Þingvallanefndar. En verði sú nefnd lögð niður, þá þjóðminjavörður, og Jón Guðmundsson, meðan hans nýtur við. En eftir hans dag, skrifstofustjóri í Dómsmálaráðuneytinu.
5. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum. Skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir og birtir í Ársriti Skógræktarfélagsins, eða á öðrum stað, þar sem þeir koma fyrir almenningssjónir.
6. Unnið verði að tilgangi sjóðsins í aðalatriðum með þessum hætti: Komið verði á fót uppeldisstöð fyrir trjáplöntur á Þingvöllum eða Brúsastöðum, til þess að þar verði aldar upp trjáplöntur til gróðursetningar á hinu umrædda svæði. Ef það reynist hentugra að ala upp trjáplöntur annars staðar, getur sjóðsstjórnin komið upp græðireit annars staðar til uppeldis á trjáplöntum, er gróðursettar yrðu á Þingvöllum eða á Brúsastöðum. En leggja skal áherzlu á, að sjóðurinn sjálfur annist uppeldi á þeim plöntum, sem hann notar, sé þess nokkur kostur.
7. Meðan Jón Guðmundsson er í stjórn sjóðsins, skal tekið tillit til hans tillagna um starfstilhögun við gróðursetninguna. En ef ágreiningur rís milli sjóðsstjórnar og Þingvallanefndar um tilhögun gróðursetningarinnar, getur Þingvallanefnd hindrað framkvæmdir.
8. Í aðalatriðum skal starfinu hagað þannig: Fyrstu árin verði lögð áherzla á, að koma upp trjágróðri í umhverfi Valhallar. En að því búnu í næsta nágreinni þingstaðarins, eftir því sem henta þykir. Síðan verði lögð áherzla á, að auka trjágróður í Þingvallaskógi og á Brúsastöðum.
9. Megin áherzla verði lögð á það, að sjóðsstjórnin hafi sem mest af trjáplöntum handbærar til gróðursetningar, enda leiti hún aðstoðar æskulýðsfélaga og annarra um hvers konar aðstoð, sem gæti aukið og tryggt skógrækt í þjóðgarði Þingvalla og á Brúsastöðum.

P. t. Reykjavík, 18. marz 1944.

Jón Guðmundsson.

Hákon Bjarnason:

Landgræðslusjóður.

Þegar hafizt var handa um undirbúning að atkvæðagreiðslu um lýðveldi á Íslandi, var skipuð nefnd til þess að annast undirbúning allan. Arngrímur Kristjánsson skólastjóri átti sæti í þeirri nefnd, og mun honum fyrstum manna hafa komið í hug, að rétt væri að marka þessi tímamót á einhvern þann hátt, sem þjóðinni mætti verða til sóma og nytja. Bað hann mig að hitta sig kvöld eitt skömmu fyrir kosningar, og þar skýrði hann mér frá því, að sér fyndist það eigi mega minna vera en að sérhver kjósandi legði eitthvað af mörkum við kosninguna til þess að klæða landið að nýju. Ræddum við nokkuð um þetta fram og aftur, og varð það að ráði, að ég legði málið fyrir stjórn Skógræktarfélags Íslands.

Þetta mál var svo athugað vandlega af stjórn félagsins á nokkrum fundum, og komu þangað ýmsir menn til skrafs og ráðagerða, þar á meðal Gunnlaugur Kristmundsson, Helgi Tómasson skátahöfðingi og Daníel Ágústínusson af hálfu stjórnar U.M.F.Í. Varð það úr, að hafin skyldu samskot eins víða um land og við yrði komið, en af því, að undirbúningstími var mjög naumur, hlutu einstöku héruð að verða útundan.

Var nú hafizt handa um undirbúning samskota. Málsmetandi menn rituðu í blöð, og forsætisráðherrann, dr. juris Björn Þórðarson, mælti fyrstur fyrir málinu í útvarpi. Sérstök samskotahefti voru útbúin og send víðs vegar um land, ýmist til skógræktarfélagana, þar sem þau

voru til, en annars til formanna ungmennafélaga í því trausti, að þeir legðu málinu lið.

Stjórn Skógræktarfélagsins varð strax sammála um, að væntanlegur Landgræðslusjóður skyldi ekki einvörðungu bundinn við skógrækt, heldur skyldi hann jafnframt standa straum af hvers konar uppgræðslu eyddra og örfoka landa á þann hátt, að á hverjum stað væri ræktaður sá gróður, sem líklegastur væri til þess að gefa beztan arð. Ennfremur skyldi sjóðurinn verða sjálfseignarstofnun, sem stjórnað væri af sérstaklega kosnum mönnum. Hefir verið til umræðu, að fá ýmsar félagsheildir til þess að útnefna menn í stjórn hans, en engin ákvörðun hefur verið tekin um slíkt enn sem komið er. Ætlunin er þó að ganga frá skipulagsskrá sjóðsins á aðalfundi félagsins nú á þessu hausti, og þar hefur hver meðlimur félagsins tillögu- og atkvæðisrétt.

Hvernig sjóðurinn muni starfa, er eigi unnt að segja að svo stöddu, enda veltur það svo mjög á því, hversu ört hann vex. En sennilega verður alltaf einhver hluti af höfuðstól hans látinn á vöxtu hjá náttúrunni sjálfri með því að græða lönd og bæta.

Ekki er að ástæðulausu, að hafizt var handa um sjóðsstofnun með því markmiði að græða eydd og örfoka lönd. Þau þúsund ár, sem hér hefir verið byggt ból, hefir gróðurlendið æ verið að minnka og rýrna að gæðum. Miklar líkur eru og fyrir því, að enn eyðist meira af landi og kostir þess gangi saman heldur en nemur ræktun og uppgræðslu. Stofnun Landgræðslusjóðsins á að mynda þáttaskipti hjá gróðri landsins, alveg eins og atkvæðagreiðslan markar tímamót í sögu þjóðarinnar.

Þegar þetta er skrifað, í lok júnímánaðar, er sjóðurinn orðinn um 100 þús. krónur, en eitthvað mun hann fara yfir þessa upphæð, þegar skil hafa verið gerð víðar af landinu. Þótt söfnunin hafi ekki gengið sem skyldi í fyrstu lotu, því að hún hefði átt að verða þrefalt meiri, er eigi ástæða til að ætla, að sjóðurinn nái sér eigi fljótlega upp.

Hann þarf að verða nokkrar milljónir á nokkrum árum til þess að muni um átök hans í uppgræðslu landsins. Stjórn Skógræktarfélags Íslands er ákveðin í því að vinna af alefli að stækkun sjóðsins, og það er margt, sem bendir til, að slíkt megi takast. Enda hljóta allir sannir Íslendingar að finna til þess, að það er bæði skylt og ljúft að gefa föðurlandinu sjálfu gjafir, eins og forsætisráðherrann tók fram í ávarpi sínu.

Í hinum gullfallegu aldamótaljóðum sínum kveður Hannes Hafstein á þessa leið:

„Sú kemur tíð, er sárin foldar gróa,
sveitimar fyllast, akrar hylja móa,
brauð veitir sonum móðurmoldin frjóa,
menningin vex í lundi nýrra skóga.“

Landgræðslusjóði Skógræktarfélags Íslands er ætlað það hlutverk, að vinna að því, að láta þessa hugsjón rætast og kenna mönnum að byggja og treysta á landið.

Hákon Bjarnason:

Starf skógræktar ríkisins 1943.

Árið 1943 var kr. 220 000,00 varið til skógræktarframkvæmda af hálfu ríkissjóðs. Tekjur skógræktarinnar námu um kr. 31 000,00 og var þeim einnig varið til framkvæmda.

FRÍÐUNARSTARFSEMI.

Lengsta girðingin, sem upp var sett á árinu, var um Búðahraun á Snæfellsnesi. Sú girðing er um 7 km á lengd, og reyndist mjög erfitt að koma henni fyrir sakir þess, hve landið var óslétt og vont var að festa niður máttarstaura á löngum köflum. Í Búðahrauni er mikið, en lágvaxið birkikjarr. Verður mjög fróðlegt að fylgjast með gróðrinum í hrauninu, því að af þeim framförum, sem hann kann að taka, má síðar dæma um réttmæti þess að girða annars staðar kjarr nálægt sjó. Má líta á þessa girðingu sem nokkurs konar tilraun. Þess ber að geta, að Snæfellingafélagið í Reykjavík lagði fram nokkurt fé til þess að kaupa lönd og kr. 2000,00 til girðingarvinnunnar, en það var fé, sem afgangur varð við landakaupin. -

Ýmsar girðingar voru styrktar með því að útvega í þær efni að einhverju eða öllu leyti. Þar má telja girðingu á Mel í Hraunhreppi, um 3 km að lengd. Þar var mikil þörf á girðingu umhverfis mjög kræklótt beitikjarr og blásna mela. Skýlt er að taka fram, að bændurnir á Mel, þeir

Guðmundur og Aðalsteinn Péturssynir, lögðu fram mikla vinnu við flutning efni og alla niðursetningu girðingarinnar, og er slík fórnfýsi, er þeir sýndu, mjög sjaldgæf. Í Borgarlandi við Borgarnes var lagt til mest allt efni í 1200 metra girðingu. Tvær aðrar girðingar í Borgarfirði voru styrktar nokkuð og auk þess lagt til efni í girðingar við Fróðastaði, á Stóra-Kroppi, við sundlaug í Hörðudal í Dalasýslu og í Urriðaárlandi í Álftaneshreppi. Þessar girðingar komust ekki upp sakir ótíðar í haust, en komast upp í sumar.

Lagt var til efni í sáðreit í Langadal í Húnavatnssýslu, en í Skagafirði var sett upp allstór girðing við Laugabrekku, eyðibýli ofan við Varmahlíð. Sú girðing er um 20 hektarar að flatarmáli, og er ætlunin að þar verði síðar dálítill uppeldisstöð fyrir Skagafjörð. Ný girðing var sett upp við Reynisstað og ofurlítill girðing, um 600 m á lengd, var sett utan um kjarr ofan við Ljósstaði á Höfðaströnd. Lagfærð var girðing á Víðivöllum og á Hellulandi, og efni var sent suður að Litlu-Hlíð í Vesturdal, sem eigandi jarðarinnar lofaði að setja upp. Ætlunin var að sá birkifræi í þessar girðingar s.l. haust, en sakir hinnar miklu ótíðar var það ókleift. Hefir það verið gert í vor.

Í Fnjóskadal var bætt 700 metrum við girðinguna um Melaskóg. Á Hallormsstað var endurbætt girðingin ofan frá Skriðdalshlíð að Lagarfljóti, og í Skarfanesi var sett upp ný girðing neðan við hið friðaða land.

Aðrar girðingar voru endurbættar eftir því, sem þörf gerðist. Er töluverður kostnaður samfara því, af því að lengd girðinga skógræktarinnar er nú orðin hátt á annað hundrað kílómetra.

GRÆÐIREITIR.

Mikið starf var unnið í græðireitunum. Reiturinn á Vöglum var stækkaður um 1600 fermetra og Hallormsstaðareiturinn um 1500 fermetra. Stækkun Vaglareitsins

var all erfitt verk, því að landinu hallaði mjög, og varð að setja í það stalla til þess að fá landið lárétt. Áburðarmagn, sem notað var í nýju stykkinn á Vöglum, var 1 tonn af hálfþurru sauðataði og auk þess 13 kg Ammophos 16% -20% og 10 kg 40% kalí á hverja 100 ferm.

Á Vöglum var hafizt handa um byggingu verkamannabústaðar við græðireitina, því að fjöldi verkafólks á vorin er orðinn langtum meiri en hægt er að hýsa heima á Vöglum.

Á s.l. vori voru eftirtaldar plöntur afhentar úr græðireitunum.

Plöntur afhentar úr græðireitum vorið 1943.

	Hallormsstaður	Vaglir	Múlakot	Samtals
Birki	10.916	3.321	3.703	17.940
Reynir	6.871	1.509	2.711	11.091
Gráreynir			15	15
Víðir, ýmsar tegundir	142	638	8.063	8.843
Ribs	2.306	80	406	2.792
Sólber	41		60	101
Alaskaepli			22	22
Síberískt baunatré			146	146
Runnar, ýmsar tegundir			82	82
Sitkagreni			8	8
Blágreni			19	19
Douglasgreni			53	53
Skógarfura		800	18.970	19.770
	20.276	6.348	34.258	60.882

Sáð var fræi í græðireitina eins og hér er greint:

Múlakot:	Vorsáning	Birkifræ í 131 ferm	
	-	Sitkafræ - 87 -	
	Hautsáning	Birkifræ - 20 -	4 kg
	-	Reynifræ - 70 -	46 -
Vaglir:	Vorsáning	Birkifræ í 180 ferm	
	-	Sitkafræ - 20 -	

Hallormsstaður :	Vorsáning	Birkifræ	í 120	ferm	15 kg
-	Reynifræ	- 15	-	9	-
	Sitkafræ	- 10	-	1	-

Birkifræið kom yfirleitt vel upp, en sitkafræið spíraði ekki vel, enda mátti varla búast við því, þar eð fræið var tveggja og þriggja ára. Það kom ekkert fræ frá Alaska vorið 1943, því að fræfall var sama og ekkert haustið 1942.

Dreifplöntun í græðireitunum var þessi:

Dreifplöntun í græðireitunum 1943.

	Múlakot	Hallormsstaður	Vaglir	Samtals
Björk	11.770	15.000	62.000	88.770
Reynir	23.670	8.200	500	32.370
Gráreynir	940			940
Alaskaepli	520			520
Álmur	65			65
Ýmsar teg. og runnar	611	50	200	861
Ribs	600	3.200	1.000	4.800
Sólber	500			500
Víðir, ýmsar tegundir	2.160	523	1.000	3.683
Ýmsir græðlingar	575			575
Sitkagreni	11.600			11.600
Fjallafura	7.050			7.050
Skógarfura	5.670			5.670
	65.731	26.973	64.700	157.404

Nokkur hundruð plöntum var dreifplantað í græðireitinn við Hreðavatn, en ekki liggja neinar upplýsingar fyrir um það.

Í Múlakoti eyðilagðist mikið af birki á þriðja ári af völdum svepps, sem kom í ræturnar og rótarhálslinn. Sennilega er sá sveppur af ættinni *Phytophthora* og er þá óskaðlegur öðru en ungu birki.

Sakir ótíðar um vorið, - en þá komu hlýindi í byrjun maí og mikil frost um miðjan mánuðinn, eftir að smáplöntur höfðu lifnað, - fórst mikið af ungu sitkagreni á fyrsta og öðru ári. Það, sem komið var á þriðja ár, sakaði

sama og ekki. Skógarvörðurinn á Vöglum telur, að um 100 þúsund ársgamlar sitkagreniplöntur hafi króknað. Einnig urðu mjög mikil vanhöld hjá honum á tveggja ára birki. Fórust þar um 30 þúsund plöntur. Á Hallormsstað urðu vanhöld nokkru minni, en samt tilfinnanleg. Í Múlakoti urðu einnig vanhöld á sitkagreni sakir frosta og holklaka. Er óhætt að fullyrða, að árið, sem leið, hafi verið hið langversta, sem komið hefir fyrir alla græðireitsstarfsemi síðan farið var að ala hér upp plöntur.

Að lokum má geta þess, að haustið lagðist snemma að, einkum fyrir norðan og austan, svo að reynivið kól mjög mikið, og þegar öll þessi ósköp höfðu dunið yfir, komst rjúpan í græðireitinn á Vöglum og toppstýfði nærri því hverja einustu birkiplöntu, sem þar óx.

Þrátt fyrir þessa erfiðleika unnu skógarverðirnir ótrauðir að stækkun græðireitanna, og hefir ekki í annan tíma verið dreifplantað meiru en þetta ár.

Undanfarin ár hefir látið nærri, að helmingur hinna dreifplöntuðu plantna komi til skila, að tveim árum liðnum, sem útplöntunarhæfar. Samkvæmt því ættu að minnsta kosti 40 þúsund birki að verða til á næsta vori og um 15 þús. reyniviðir. En ef tíð verður sæmileg í sumar, verður þessi tala eflaust hærri.

VIÐARHÖGG.

Viðarhögg var minna en árið áður, en hins vegar féll meira af nytjaviði, og tekjur af höggi urðu rúmar kr. 18 þús. Á Vöglum féllu nærri 90 tonn, en í Sigríðarstaðaskógi 15 og í Stórhöfða- og Melaskógi 6 tonn. Alls voru felld 111 tonn í grend við Vaglir. Þar af var eldiviður rúm 80 tonn, um 17 tonn girðingarstaurar og renglur, um 4 tonn smíðaviður, en það, sem umfram er, var notað til kolagerðar.

Á Hallormsstað féllu um 46 tonn viðar. Þar af var eldiviður aðeins 18 tonn, staurar og renglur rúm 26 tonn og

tæp 2 tonn smíðaviður. Alls fengust rúmlega 10 þúsund staurar á Vöglum og Hallormsstað og tæpar 5 þúsund renglur.

Í Borgarfirði var aðeins hafið skógarhögg í Munaðarnesgirðingu. Þar féllu 4 tonn af viði. Í Skarfanesi var og lítills háttar skógarhögg til þess að unnt væri að leggja hrís í rof.

GRÓÐURSETNING OG LANDGRÆÐSLA.

Í Vaglaskógi voru gróðursettar rúmlega 8 þúsund skógarfurur frá Maalselven í Noregi. Helmingur þeirra var gróðursettur í Góðulág en helmingur í Stórahvammi, sunnan brautar. Í Sigríðarstaðaskógi voru 2 þúsund furur gróðursettar. Sakir ótíðar urðu töluverð vanhöld eftir gróðursetninguna.

Í Skarfanesi var nokkuð unnið að heftingu sandfoks, og í Haukadal var um 1500 furum komið fyrir í brekkunum í hlíðinni milli Markagils og Svartagils.

BYGGINGAR.

Byggingar voru engar á árinu að undanskildu áður nefndu skýli í gróðrarstöðinni á Vöglum, og húsabætur með allra minnsta móti af skiljanlegum ástæðum.

FERÐALÖG.

Skógarvörðurinn á Austurlandi fór eftirlitsferðir um Vopnafjörð, Norðfjörð og Mjóafjörð. Í Vopnafirði er um 100 hektara skógargirðing á svonefndri Hofsborgartorfu. Þar er og um 700 ha víðlendur skógur í landareign Burstafells, sem vinda þyrfti bráðan bug að því að friða. Skógarvörðurinn á Vesturlandi fór víða um syðri hluta héraðs síns. Var hann 150 daga að heiman við girðingarvinnu og leiðbeiningaferðir. Skógarvörðunum á Norðurlandi fór

hins vegar fáar ferðir sakir mikilla anna heima fyrir. Skógarvörður Suðurlands hafðist við í Múlakoti, en fór engar eftirlitsferðir. Var hann 157 daga að heiman.

Skógræktarstjóri fór að vanda norður og austur um land í júlí, en ágúst og september um suður- og vesturhluta landsins. Sex ferðir voru farnar um haustið og veturinn til þess að leita hófanna um hentug jarðakaup undir stóra gróðrarstöð á Suðurlandi.

ÝMISLEGT.

Í Vaglaskógi voru sett upp vegaskilti við alla aðalvegi og stórt spjald, með uppdrætti af skóginum, á Kumblaflæti, en þar koma flestir vegir skógarins saman. Bátur var keyptur á Fnjóská og annar á Hreðavatni vegna aðdrátta að Jafnaskarðsskógi. Nokkrar kvikmyndir voru teknar til viðbótar fræðslumynd skógræktarinnar.

Hér fara á eftir reikningar skógræktar ríkisins s.l. ár. Með því, sem að framan getur, gefur hann nokkrar upplýsingar um starfsemina.

Rekstursreikningar	
fr. 1. janúar til 31. desember 1944	
TEKJUR:	
Skóglætur - Skóglætur	kr. 42.184,57
Gæðfrettur	— 38.200,11
Gæðfrettur	— 4.061,11
	kr. 85.190,86
Þráttur	— 22.586,90
Vinnsla skóglætur	— 55.617,96
Ábærur	— 60,00
Þráttur	— 15.662,00
Rekstursreikningur	166.721,92
	kr. 104.980,27

GJELD:

Rejstherul: Nøjskrædd	kr. 2486.15
Gældsrente	88 581.90
Gælfinger	— 15872.19
Hjælpene	6 714.71
Gældsrenting	— 15183.89
Udgifter, renter og B.	— 22 887.17
Ialt	288.06
	kr. 22 257.54
Thiernes	31 987.66
Værnske (Aagebørst)	— 44 544.59
Forsikr. i Alaka	— 7741.45
Aagebørst	1 090.48
Seddeforsikringskassen	— 11 746.24
Børstene	80 508.21
Lægeforsikringskassen	— 18 625.28
Gældsrenter	— 1 221.47
Købsrenter	— 81.68
Forsikringskassen	— 1 067.45
Ialt	kr. 2 331.90
ds. fyring	— 2 290.00
	4 041.88
Fyring i B. B.	— 4 821.46
Lær. skolekasserne og 4 skolekasser p. af skolek.	— 29 488.08
	kr. 38 688.27
Auk paa de grædte udgifter og skolekasserne i	
Lær. skolekasserne	Saml. kr. 46 471.27

Efndingarskýningur

1. júní 1911.

Kkr. 1000.

Lánaféttir	Kr. 10.250.15
Rekstrarskattur, Hættu Björnsson	— 10.200.00
Ólúf lánshættu féttur, Almenn, réttur réttur	10.000.00
Bæturhættu lánur, hagnæðingur 120	— 20.120.00
Lánshættu, v/Hallgrímsson	5.000.00
Bæturhættu, Byggingar- og lánshættu, v/Andri	— 5.000.00
Lánshættu, Almenn, v/Hallgrímsson	10.000.00

Skattveður:

Væðing skatt og skattur frá fyrri árinu:

Tegund:

Lánshættu og lánur 10.200.00

Lánshættu — 10.200.00

Skattur — 10.200.00

Skattur — 10.200.00

Kkr. 20.120.00

Skattur:

Lánshættu, v/Hallgrímsson Kr. 5.000.00

Bæturhættu, Byggingar- og lánshættu, v/Andri — 5.000.00

Bæturhættu, Byggingar- og lánshættu, v/Hallgrímsson — 10.000.00

Lánshættu, Almenn, v/Hallgrímsson 10.000.00

Kkr. 20.120.00

Kkr. 20.120.00

Fæðing skattur og skattur:

Fæðing skattur — 50.000.00

Lánur — 20.000.00

Kkr. 40.000.00

Rekstrarskattur — Kkr. 10.000.00

— og skattur væðing frá fyrri árinu 50.000.00

— 20.000.00

— 20.000.00

Kkr. 10.120.00

Vinnubrunn Skúgræktar rækisins árið 1943.

Variable	Value	h	h(1978)
—	—	—	3638.28
—	—	—	21280.47
—	—	—	16017.85
—	—	—	23243.24
—	—	—	5336.33
—	—	—	3583.31
—	—	—	1163.18
—	—	—	8455.71
—	—	—	1393.23
—	—	—	213.40
—	—	—	65.34
—	—	—	162.80
—	—	—	341.16
—	—	—	5386.82
—	—	—	162.90
—	—	—	8732.61
—	—	—	1732.82
—	—	—	348.23
—	—	—	4470.07
—	—	—	8452.08
—	—	—	2346.61
—	—	—	1401.96
—	—	—	42.12
—	—	—	1306.73

S. mēdā vīt īmērķaudzēt, ko: 25000, ar stimulu apmē 9% at bērni iegādāt.

Minningarsjóður til skóggræðslu í Grímsnesi.

Reykjavík, 8. júlí 1943.

Herra hreppstjóri Grímsneshrepps, Halldór Gunnlaugsson!

Eins og þér sjáir á meðfylgjandi plöggum, hefi ég undirritaður lagt kr. 1200.00 inn á sparisjóðsbók í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands sem gjöf til Grímsneshrepps, til minningar um foreldra mína, er þjuggu að

Öndverðarnesi á árunum milli 1860-1870, þar sem ég er fæddur, og höfðu þótt líkleg til nytsemdar, hefði þeirra notið lengur við; en móðir mín dó, er ég var á 2. ári, og undi faðir minn þar þá ekki eftir það og flutti úr héraðinu með mig, en systkyni mín tvö ólust þar upp, og var annað þeirra þar alla æfi sína. -

Vöxtum sjóðsins skal varið eins og segir í gjafabréfinu.

Mér hefir allt af þótt vænt um skógræktarhreyfinguna, og því minnst ég foreldra minna á þennan hátt.

Ég trúi því, að hugsjón Jónasar: „fagur er dalur og fyllist skógi“, muni rætast, er tímar líða, að minnsta kosti að einhverju leyti.

Mér er ljóst, að lítið er hægt að gera í því efni með vöxtunum af þessari upphæð fyrst um sinn, en í skógræktarmálum má ekki reikna í árum, heldur áratugum. Gæti þessi litla gjöf eitthvað stutt framkvæmdir héraðsmanna sjálfra í þessu efni, er tímar líða, væri tilganginum náð.

Með vinsemd og virðingu.

Ellert Kr. Schram.

Minningarsjóður

hjónanna Kristjáns Günther Schram, húsasmiðs, og Hallbjargar Guðmundsdóttur, ljósmóður, er bjuggu að Öndverðarnesi í Grímsnesi á árunum milli 1860 og 1870, gefinn af syni þeirra, Ellert Kristófer Schram, skipstjóra í Reykjavík, árið 1943.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1200.00 - tólf hundruð krónur -, er ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, aðaldeild.

Höfuðstólinn má aldrei skerða, né það, sem við hann bætist.

Sjóðurinn er eign Grímsneshrepps í Árnessýslu. Tilgangur hans er að styðja að skógræðslu í Grímsnesinu, til þróunar og nytsemdar.

Aherzla skal á það lögð, að gróðursetning og ræktun skógarins sé gerð af fyrirhyggju og framsýni og undir umsjá skógfræðings, er starfi að skógrækt fyrir hið opinbera, til tryggingar fyrir mistökum og skemmdum búfénaðar, vanhirðu eða átroðningi manna.

Stjórn sjóðsins skal falin hreppstjóra Grímsneshrepps og stjórn Skógræktarfélags Árnesinga, að því tilskyldu, að vöxtunum sé aðeins varið til skógræðslu í Grímsnesinu undir yfirumsjón skógræktarstjóra ríkisins.

Til ársins 1965 leggjast allir vextir við höfuðstólinn. Frá 1965 til 2000 má verja 1/3 vaxtanna til framkvæmda, en eftir það 2/3 vaxtanna.

Reykjavík, 10. júní 1943.

Ellert Kr. Schram.



Ljósm.: Kjartan Ó. Bjarnason.

Uppblástur á Þórsmörk.



Ljósm. Þorst. Jós.

Á landið að blása upp?

Guðmundur Marteinnsson:

Starfsemi Skógræktarfélags Íslands 1943.

Starfsemi Skógræktarfélags Íslands síðast liðið ár hefir verið með svipuðum hætti og undanfarið, en eitt og annað aðhafzt til undirbúnings aukinni starfsemi.

Ársrit félagsins kom út í 3000 eintökum, og var það 1000 eintökum fleira en árið áður.

Nýjung var það, að efnt var til skemmtifundar fyrir félagsmenn í marzmánuði. Þótti hann takast svo vel, að gera má ráð fyrir, að félagið haldi skemmtifund á hverjum vetri framvegis. En þessi skemmtifundur var sögulegur, ekki aðeins fyrir það, að hann var fyrsti skemmtifundur Skógræktarfélagsins, heldur einnig fyrir þá sök, að rétt um það leyti sem fundurinn hófst, var gefið loftárásarmerki. Kom það mönnum að vísu ekki mjög á óvart, því að vitað var, að loftvarnaræfingu ætti að halda annaðhvort þetta kvöld eða næsta. Olli þetta stjórninni og ekki sízt gjaldkeranum nokkrum áhyggjum, enda hefði fundarsókn vafalaust orðið mun meiri, ef ekki hefði staðið svona á. Að öðru leyti kom þetta ekki að sök, og fólk skemmti sér hið bezta við kaffidrykkju og söng í glætu frá mörgum kertaljósum á meðan loftvarnaræfingin stóð yfir.

Síðan var sýnd skógræktarkvikmynd, flutt erindi og að lokum dansað.

Fjársöfnun til Heiðmerkurgirðingarinnar gekk með ágætum síðast liðið ár. Var fjársöfnunin í byrjun ársins komin upp í rúmlega ellefu þúsund krónur, en á árinu bættust við yfir fjórtán þúsund krónur. Hefir þar með hugmyndin um friðun Heiðmerkur færst stóru skrefi nær lokatakmarkinu, því, að verða að veruleika. Er þess að vænta, að byrjað verði að girða Heiðmörkina á þessu ári.

Á síðastliðnu vori sendi stjórn Skógræktarfélags Íslands bæjarstjórn Reykjavíkur erindi og fór þess á leit, að Skógræktarfélaginu væri veittur úr bæjarsjóði tíu þúsund króna styrkur á árinu, til aukinnar starfsemi og sérstaklega stórum aukins plöntuuppeldis í Fossvogsstöðinni. Benti stjórnin á, að ræktunarframkvæmdir þær, sem fyrirhugaðar eru á væntanlegu íþróttavalla- og skemmtigarðasvæði í Laugadalnum innan við Reykjavík, myndu krefjast mjög mikils fjölda trjáplantna, bæði í skjólgarða og skrudgarða, og að Skógræktarfélagið gæti á hagkvæmasta hátt veitt aðstoð sína við þessar framkvæmdir með því að ala upp á næstu árum stórum aukinn fjölda trjáplantna.

Var þegar síðastliðið vor hafizt handa um auknar framkvæmdir í Fossvogsstöðinni, í trausti þess, að málaleitun stjórnarinnar mundi verða sinnt, enda brást það ekki. Skógræktarfélaginu var veittur hinn umbeðni styrkur, og kann stjórnin bæjarstjórn og borgarstjóra hinar beztu þakkir fyrir.

Auk þess, að ráðizt var í auknar framkvæmdir í Fossvogsstöðinni, var gefið út mun stærra Ársrit en undanfarið, jafnframt því að upplagið var aukið um eitt þúsund, miðað við árið áður. Varð útgáfukostnaður Ársritsins því miklum mun hærri en nokkru sinni áður.

Þrátt fyrir verulega aukningu meðlimatölu á síðast liðnu ári, þótti sýnt, að með hinum stóruknu útgjöldum á árinu mundi fjárhagsleg afkoma félagsins verða mjög léleg. Til þess að bæta að nokkru úr því, var það ráð tekið, að senda öllum meðlimum félagsins í Reykjavík bréfspjald

með tilmælum um, að þeir greiddu 10 króna ársgjald í stað hins lögboðna 5 króna gjalds. Var þessu að heita mátti undantekningarlaust vel tekið, og að öllu samanlögðu má segja, að fjárhagurinn hafi bjargast furðanlega.

Boðað var til auka-aðalfundar síðast liðið haust, til þess fyrst og fremst að lögfesta hækkun á ársgjaldi úr fimm krónum upp í tíu krónur, og jafnframt hækkun á ævifélagagjaldi úr hundrað krónum í tvö hundruð krónur.

Fleiri ákvarðanir voru teknar á auka-aðalfundinum, en um það vísast til fundargerðar, er birtist hér á eftir.

10 stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Á árinu 1943 dóu þessir meðlimir:

Aðalsteinn Sigmundsson, kennari, Reykjavík.

Árni B. Helgason, héraðslæknir, Patreksfirði.

Ragnar H. Blöndal, kaupmaður, Reykjavík.

Örfáir menn hafa sagt sig úr félaginu á árinu. Eftirfarandi nýir félagar hafa bætt við árið 1943:

Ævifélagar :

Árni Haraldsson, Fjólugötu 13, Reykjavík.

Edwin Árnason, Lindargötu 25, Reykjavík.

Egill Vilhjálmsson, Laufásvegi 26, Reykjavík.

Geir H. Zoëga, Hávallagötu 1, Reykjavík.

Gísli Sveinsson, Sunnuhvoli, Langholtsveg, Reykjavík.

Gísli Þorkelsson, Birkihlíð, Reykjavík.

Guðmundur Agnarsson, Þvervegi 2 A, Reykjavík.

Guðmundur Þorkelsson, Lundi, Mosfellsdal.

Haukur Thors, Smáragötu 16, Reykjavík.

Hjörleifur Elíasson, Njálsgötu 94, Reykjavík.

Hjörtur Nielsen, Reynimel 52, Reykjavík.

Ingólfur B. Guðmundsson, Seljavegi 3 A, Reykjavík.

Jón Árnason, Reykjavík.

Jón Á. Gissurarson, Pósthússtræti 17, Reykjavík.

Kjartan Thors, Laufásvegi 70, Reykjavík.

Kristján Bergsson, Suðurgötu 39, Reykjavík.

Ólafur Thors, Garðastræti 41, Reykjavík.

Ottó Guðmundsson, Túngötu 36 A, Reykjavík.
 Séra Ragnar Benediktsson, Hruna, Árnessýslu.
 Richard Thors, Sóleyjargötu 25, Reykjavík.
 Sigurbjörn Þorkelsson, Fjölnisvegi 2, Reykjavík.
 Sigurður Guðmundsson, Lækjartorgi 1, Reykjavík.
 Christian Ziemsen, Hávallagötu 31, Reykjavík.
 Þorvaldur Ásgeirsson, Samtúni 16, Reykjavík.

Ársfélagar :

Ágúst Ólafsson, rafvirki, Mánagötu 7, Reykjavík.
 Alfred Nordgulen, símamaður, Hringbraut 36, Reykjavík.
 Alexander H. Jóhannesson, Hátúni 1, Reykjavík.
 Ámundi Sigurðsson, Vesturgötu 9, Reykjavík.
 Andrés Sveinbjörnsson, hafnsögumaður, Bárugötu 8, Reykjavík.
 Andrés S. Þormar, gjaldkeri, Hringbraut 114, Reykjavík.
 Anna Thorsteinsson, símritari, Sólvallagötu 9, Reykjavík.
 Anna Þorvaldsdóttir, Suðurgötu 14, Reykjavík.
 Anna Þórhallsdóttir, gjaldkeri, Hólavallagötu 3, Reykjavík.
 Anton Erlendsson, Hverfisgötu 72, Reykjavík.
 Ari Þorgilsson, Hringbraut 206, Reykjavík.
 Arngrímur Ingimundarson, Bergþórugötu 21, Reykjavík.
 Arngrímur Ólafsson, Laugahvarfi, Reykjavík.
 Árni B. Björnsson, gullsmiður, Túngötu 33, Reykjavík.
 Árni Sveinbjörnsson, teiknari, Kaplaskjólsvégi 3, Reykjavík.
 Ásgeir Jónsson, skrifstofustjóri, Hólavallagötu 3, Reykjavík.
 Ásgrímur Jónsson, listmálari, Bergstaðastræti 74, Reykjavík.
 Ásta Thorsteinsson, símamær, Laufásvegi 25, Reykjavík.
 Ásta Þorsteinsdóttir, Hringbraut 167, Reykjavík.
 Atli Ólafsson, Hverfisgötu 42, Reykjavík.
 Axel Guðmundsson, Sjafnargötu 6, Reykjavík.
 Axel R. Magnússon, innheimtumaður, Vesturgötu 61, Reykjavík.
 Baldur Andrésson, cand. theol., Túngötu 3, Reykjavík.
 Bergur Pálsson, Grettisgötu 86, Reykjavík.
 Birgir Kristjánsson, járnsmiður, Laugavegi 64, Reykjavík.
 Bjartmar Einarsson, Njálsgötu 85, Reykjavík.
 Bjarni Grímsson, verkstjóri, Laugavegi 28 D, Reykjavík.
 Bjarni Guðjónsson, forstjóri, Egilsgötu 24, Reykjavík.
 Bjarni Jóhannesson, Langholtsvegi 57, Reykjavík.
 Bjarni Kemp, Vífilsgötu 21, Reykjavík.
 Björn Kr. Björnsson, Unnarstíg 8, Reykjavík.
 Bolli Gunnarsson, Vesturgötu 38, Reykjavík.
 Bryndís Sigurðardóttir, Norðurstíg 5, Reykjavík.

Carl D. Tulínus, forstjóri, Skothúsvegi 15, Reykjavík.
 Eggert P. Briem, forstjóri, Fjöltnisvegi 10, Reykjavík.
 Eggert Kristjánsson, skrifstofustjóri, Skólavörðustíg 29, Reykjavík.
 Egill Kristbjörnsson, Laugavegi 58, Reykjavík.
 Egill O. Kristinsson, innheimtumaður, Skólavörðustíg 19, Reykjavík.
 Einar Guðjónsson, Lokastíg 26, Reykjavík.
 Einar Guðmundsson, heildsali, Garðastræti 47, Reykjavík.
 Einar Jóhannsson, múrarameistari, Mánagötu 5, Reykjavík.
 Einar Jónasson, hafnsögumaður, Vesturgötu 38, Reykjavík.
 Einar Þorgrímsson, framkvæmdarstjóri, Karlagötu 6, Reykjavík.
 Elísabet Jónsdóttir, Túngötu 2, Reykjavík.
 Erlendur Vilhjálmsson, Brávallagötu 50, Reykjavík.
 Eyjólfur Jónsson, Meðalholti 12, Reykjavík.
 Ewald Berntsen, Grettisgötu 71, Reykjavík.
 Fanney Stefánsdóttir, Smáragötu 12, Reykjavík.
 Felix Guðmundsson, kirkjugarðsvörður, Freyjugötu 30, Reykjavík.
 Finnur Einarsson, bóksali, Hávallagötu 41, Reykjavík.
 Friðbjörn Aðalsteinsson, skrifstofustjóri, Landssímanum, Reykjavík.
 Friðgeir Björnsson, stjórnarráðsfulltrúi, Hringbraut 165, Reykjavík.
 Geir Borg, framkvæmdarstjóri, Víðimel 50, Reykjavík.
 Geir Herbertsson, prentari, Bankastræti 3, Reykjavík.
 Geir Stefánsson, Kjartangötu 8, Reykjavík.
 Georg Arnórsson, verkstjóri, Barónsstíg 14, Reykjavík.
 Georg L. Sveinsson, rafvirkir, Ránargötu 15, Reykjavík.
 Gísli Gestsson, bankamaður, Barónsstíg 59, Reykjavík.
 Gísli Ólafsson, gjaldkeri, Hólavallagötu 11, Reykjavík.
 Gísli Jóhannesson, trésmiður, Grettisgötu 27, Reykjavík.
 Grímur Kr. Árnason, trésmiður, Freyjugötu 44, Reykjavík.
 Guðjón B. Baldvinsson, fulltrúi, Ásvallagötu 39, Reykjavík.
 Guðjón Einarsson, Kjartangötu 2, Reykjavík.
 Guðmundur Árnason, Ingólfsstræti 9, Reykjavík.
 Guðmundur Benediktsson, Ránargötu 30 A, Reykjavík.
 Guðmundur Georgsson, Sólvallagötu 50, Reykjavík.
 Guðmundur Jóhannsson, Hringbraut 74, Reykjavík.
 Guðmundur Ólafsson, heildsali, Vesturgötu 3, Reykjavík.
 Guðmundur Sigurðsson, Garðastræti 45, Reykjavík.
 Guðmundur Sveinsson, Laugavegi 83, Reykjavík.
 Gunnar Böðvarsson, Mímisvegi 2 A, Reykjavík.
 Gunnar Eggertsson, Þórsötu 17 A, Reykjavík.
 Gunnar Gíslason, Bræðraborgarstíg 19, Reykjavík.
 Gunnar Grímsson, Laugavegi 140, Reykjavík.
 Gunnar Sigurðsson, lögfræðingur, Veltusundi 1, Reykjavík.
 Gunnar H. Stefánsson, Bjargarstíg 15, Reykjavík.

Gunnlaugur Ásgeirsson, Ránargötu 28, Reykjavík.
 Hafliði Helgason, prentsmiðjustjóri, Hverfisgötu 39, Reykjavík.
 Halldór Hólm, símamaður, Ingólfsstræti 18, Reykjavík.
 Halldór Guðmundsson, skipstjóri, Jófríðarstaðavegi 6, Hafnarfirði.
 Halldór Stefánsson, læknir, Ránargötu 14, Reykjavík.
 Hallur Þorleifsson, bókarí, Barónsstíg 65, Reykjavík.
 Hannes Björnsson, Njálsgötu 92, Reykjavík.
 Hans Kragh, símamaður, Laufásvegi 44, Reykjavík.
 Haraldur Andrésson, blikksmiður, Tjarnargötu 41, Reykjavík.
 Haraldur Blöndal, Bárugötu 15, Reykjavík.
 Haraldur Guðmundsson, alþingismaður, Hávallahötu 32, Reykjavík.
 Haraldur Hermannsson, Víflsstöðum.
 Haraldur Johannessen, bankafulltrúi, Hávallahötu 49, Reykjavík.
 Haraldur Knudsen, Bergstaðastræti 28, Reykjavík.
 Haraldur Pétursson, Grettisgötu 51, Reykjavík.
 Haraldur L. Pétursson, innheimtumaður, Hverfisgötu 63, Reykjavík.
 Helgi Sivertsen, verksmiðjueigandi, Hávallahötu 46, Reykjavík.
 Helgi Sveinsson, fasteignasali, Garðastræti 13, Reykjavík.
 Helgi Þórarinnsson, Grettisgötu 86, Reykjavík.
 Hermann Hermannsson, Njálsgötu 92, Reykjavík.
 Hilmar Hafstein, Grettisgötu 71, Reykjavík.
 Hjördís Ólafsdóttir, Lindargötu 54, Reykjavík.
 Hjörtur Kristmundsson, Skólavörðustíg 21, Reykjavík.
 Hreggviður Magnússon, Fjölnisvegi 20, Reykjavík.
 Hulda Jónatansdóttir, frú, Hverfisgötu 64 A, Reykjavík.
 Indíana Sigfúsdóttir, Sólvalldagötu 28, Reykjavík.
 Indriði Waage, bankamaður, Vesturgötu 17, Reykjavík.
 Ingibjörg Bjarnadóttir, Hafnarstræti 11, Reykjavík.
 Ingólfur Jónsson, Tjarnargötu 10 A, Reykjavík.
 Jakob Möller, alþingismaður, Hólatorgi 2, Reykjavík.
 Jens Hólmgeirsson, Skeggjagötu 12, Reykjavík.
 Jens M. Sigurðsson, vélfræðingur, Marargötu 1, Reykjavík.
 Jóh. Kr. Jóhannesson, Sólvalldagötu 20, Reykjavík.
 Jóhann Norðfjörð, Njarðargötu 49, Reykjavík.
 Johan Schröder, garðyrkjumaður, Reykjavík.
 Jóhannes Kristjánsson, Sólvalldagötu 2, Reykjavík.
 Jóhanna Þorgilsdóttir, Lindargötu 54, Reykjavík.
 Jóhann K. Hjörleifsson, verkstjóri, Grettisgötu 53 B, Reykjavík.
 Jóhann H. Jóhannsson, Ásvallahötu 17, Reykjavík.
 Jón Bjarnason, símritari, Njarðargötu 5, Reykjavík.
 Jón Björnsson, Bókhöðustíg 7, Reykjavík.
 Jón Blöndal, hagfræðingur, Leifsgötu 18, Reykjavík.
 Jón Brynjólfsson, skrifstofustjóri, Víðimel 46, Reykjavík.

Jón Gunnarsson, Höfðaborg 2, Reykjavík.
 Jón Ívars, bókari, Sólvallagötu 37, Reykjavík.
 Jón Jóhannsson, skipstjóri, Stýrimannastíg 6, Reykjavík.
 Jón Axel Pétursson, hafnsögumaður, Hringbraut 153, Reykjavík.
 Jón Sigurðsson, erindreki, Hverfisgötu 8-10, Reykjavík.
 Jón Sivertsen, endurskoðandi, Hringbraut 191, Reykjavík.
 Jónas Guðmundsson, Kjartansgötu 3, Reykjavík.
 Jónas Guðmundsson, framkvæmdarstjóri, Sólvallagötu 32, Reykjavík.
 Jóna S. Sigurðardóttir, Laufásvegi 62, Reykjavík.
 Jónas Eyvindsson, símaverkstjóri, Sjafnargötu 7, Reykjavík.
 Jónas Hallgrímsson, Marargötu 6, Reykjavík.
 Karl Lárusson, Ásvallagötu 9, Reykjavík.
 Karl Vilhjálmsson, Norðurstíg 3, Reykjavík.
 Kjartan Konráðsson, bókari, Ingólfsstræti 18, Reykjavík.
 Klara H. Magnússon, frú, Víðimel 41, Reykjavík.
 Klemens Tryggvason, hagfræðingur, Laufási, Reykjavík.
 Kolbeinn Árnason, kaupmaður, Baldursgötu 11, Reykjavík.
 Kristinn Andrésson, málarameisteri, Njálsgötu 108, Reykjavík.
 Kristinn Kristjánsson, Leifsgötu 30, Reykjavík.
 Kristinn Kristjánsson, Hávallagötu 53, Reykjavík.
 Kristinn Pálsson, hafnsögumaður, Ásvallagötu 19, Reykjavík.
 Kristjón Kristjónsson, Bjargarstíg 2, Reykjavík.
 Kristjana Blöndal, kaupkona, Hringbraut 169, Reykjavík.
 Lára Einarsdóttir, símmritari, Grettisgötu 71, Reykjavík.
 Lárus Ástbjörnsson, símafr., Hringbraut 186, Reykjavík.
 Lárus Ingimarsson, bílstjóri, Háteigsvegi 13, Reykjavík.
 Lárus Kjærnested, Ingólfsstræti 3, Reykjavík.
 Lúðvig Guðmundsson, skólastjóri, Grundarstíg 2 A, Reykjavík.
 Ludvig L. Hjálmtýsson, Sólvallagötu 33, Reykjavík.
 Lúðvík Johansen, Miðtún 19, Reykjavík.
 Magnús Brynjólfsson, Egilsgötu 14, Reykjavík.
 Magnús Jónsson, Sólvallagötu 50, Reykjavík.
 Magnús Þórðarson, Sólvallagötu 53, Reykjavík.
 Magnús V. Jóhannesson, fátækrafulltrúi, Miðtúni 2, Reykjavík.
 Magnús Þorgeirsson, kaupmaður, Skólavörðustíg 1 A, Reykjavík.
 María Bjarnadóttir, Sólvallagötu 21, Reykjavík.
 Njáll Ingjaldsson, Bakkastíg 5, Reykjavík.
 Ólafur V. Davíðsson, Hávallagötu 31, Reykjavík.
 Ólafur Gíslason, heildsali, Sólvallagötu 8, Reykjavík.
 Ólafur Halldórsson, Bergstaðastræti 80, Reykjavík.
 Ólafur Hvanndal, prentmyndasmiður, Bjarkargötu 10, Reykjavík.
 Ólafur Sveinbjörnsson, Freyjugötu 47, Reykjavík.
 Ólafur Þórðarson, Smáragötu 8, Reykjavík.

Óskar Gíslason, gullsmiður, Skólavörðustíg 5, Reykjavík.
 Páll Sigurðsson, lækni, Hávallagötu 15, Reykjavík.
 Peter M. Bjarnason, Vesturgötu 17, Reykjavík.
 Pétur Halldórsson, fulltrúi, Hávallagötu 48, Reykjavík.
 Pétur Jónsson, Meðalholti 11, Reykjavík.
 Ragnar Kristjánsson, Amtmannsstíg 1, Reykjavík.
 Ragnheiður Kvaran, Ásvallagötu 7, Reykjavík.
 Richard Jónsson, Vífilsgötu 24, Reykjavík.
 Richard Theódórs, Víðimel 41, Reykjavík.
 Runólfur Pétursson, Fálkagötu 27, Reykjavík.
 Sigríður Valdimarsdóttir, Njálsgötu 76, Reykjavík.
 Sigrún Einarsdóttir, Skólastræti 5 B, Reykjavík.
 Sigtryggur Leví Agnarsson, Langhóltsvegi 37, Reykjavík.
 Sigurður Arnalds, stórkaupmaður, Stýrimannastíg 3, Reykjavík.
 Sigurður Benediktsson, Austurstræti 12, Reykjavík.
 Sigurður Flygenring, Tjörn, Seltjarnarnesi.
 Sigurður L. Gíslason, veitingamaður, Bragagötu 32, Reykjavík.
 Sigurður Guðmundsson, alþingismaður, Hringbraut 188, Reykjavík.
 Sigurður Örn Hjálmtýsson, Óðinsgötu 15, Reykjavík.
 Sigurður Ólafsson, kolakaupmaður, Vesturgötu 54, Reykjavík.
 Sigurður Ólafsson, afgreiðslumaður, Hverfisgötu 85, Reykjavík.
 Sigurður Ólafsson, sjómaður, Hverfisgötu 71, Reykjavík.
 Sigurður Þorsteinsson, gjaldkeri, Bergstaðastræti 77, Reykjavík.
 Sigurður Sigurgeirsson, kaupmaður, Ásvallagötu 31, Reykjavík.
 Sigurður Tómasson, Leifsgötu 24, Reykjavík.
 Sigfús Halldórsson, Hringbraut 52, Reykjavík.
 Sigurjón Pálsson, Sölvhólgötu 7, Reykjavík.
 Sigurveig Georgsdóttir, Sólvallagötu 50, Reykjavík.
 Sigurbór Jónsson, úrsmiður, Bárugötu 50, Reykjavík.
 Skafti Sigþórsson, hljóðfæraleikari, Sjafnargötu 8, Reykjavík.
 Skarphéðinn H. Pétursson, Marargötu 4, Reykjavík.
 Skúli Ágústsson, Mánagötu 12, Reykjavík.
 Skúli Árnason, skrifstofumaður, Laugavegi 11, Reykjavík.
 Skúli Þórðarson, magister, Fálkagötu 27, Reykjavík.
 Soffía Danielsson, Aðalstræti 11, Reykjavík.
 Soffía Thordarson, Bröttugötu 6, Reykjavík.
 Stefán Jónsson, Egilsstöðum, Seltjarnarnesi.
 Stefán Kristmundsson, Freyjugötu 34, Reykjavík.
 Stefán Jóh. Stefánsson, alþingismaður, Ásvallagötu 54, Reykjavík.
 Stefán Stefánsson, Þinghóltsstræti 16, Reykjavík.
 Steinn K. Steindórsson, skrifstofustjóri, Vesturgötu 20, Reykjavík.
 Steinn Steinarr, rithöfundur, Óðinsgötu 13, Reykjavík.
 Steinþór Kristjánsson, Bjarnarstíg 9, Reykjavík.

Sumarliði Halldórsson, Grettisgötu 45, Reykjavík.
 Svafa Brandsdóttir, símamær, Garðastræti 16, Reykjavík.
 Svafa Jónsdóttir, frú, Víðimel 35, Reykjavík.
 Sveinbjörn Egilsson, Útvarpsstöðinni, Vatnsenda, Reykjavík .
 Sverrir Sigurðsson, kaupmaður, Ásvallagötu 1, Reykjavík.
 Sveinn G. Gíslason, trésmiður, Skúlagötu 42, Reykjavík.
 Sveinn Jónsson, trésmiður, Tjarnargötu 16, Reykjavík.
 Sverrir Kristjánsson, Blómvallagötu 13, Reykjavík.
 Sæmundur Símonarson, símritari, Hringbraut 48, Reykjavík.
 Theódór Lilliendahl, Flókagötu 15, Reykjavík.
 Torfi Þorbjarnarson, Ásvallagötu 23, Reykjavík.
 Tómas Guðmundsson, skáld, Grettisgötu 13 B, Reykjavík.
 Tómas Haarde, símafræðingur, Sólvallagötu 68, Reykjavík.
 Tómas Jónsson, borgarritari, Túngötu 37, Reykjavík.
 Trausti Runólfsson, Kárastíg 11, Reykjavík.
 Tryggvi Pétursson, Rauðarárstíg 38, Reykjavík.
 Unnur Þorsteinsdóttir, Bergþórugötu 29, Reykjavík.
 Úlfar Þórðarson, læknir, Sólvallagötu 18, Reykjavík.
 Valdimar Jóhannsson, Garðastræti 39, Reykjavík.
 Valdimar Ólafsson, Leifsgötu 21, Reykjavík.
 Valgerður Jónsdóttir, Njálsgötu 13 B, Reykjavík.
 Valgerður Tryggvadóttir, Laufási, Reykjavík.
 Valur Gíslason, Reynimel 58, Reykjavík.
 Viðar Sigurðsson, Laufásvegi 10, Reykjavík.
 Vilborg Björnsdóttir, Sólvallagötu 17, Reykjavík.
 Vilhjálmur Heiðdal, Karlagötu 11, Reykjavík.
 Þorgeir Jónasson, heildsali, Bergstaðastræti 68, Reykjavík.
 Þorgeir Jóelsson, Hverfisgötu 100 A, Reykjavík.
 Þorgrímur Á. Jónsson, gullsmiður, Lækjargötu 2, Reykjavík.
 Þorkell Gíslason, Skeggjagötu 10, Reykjavík.
 Þorsteinn Árnason, vélstjóri, Túngötu 43, Reykjavík.
 Þorsteinn Jónsson, Sólvallagötu 22, Reykjavík.
 Þorsteinn Magnússon, viðgerðamaður, Gamla Kleppi, Reykjavík.
 Þór Björnsson, Karlagötu 11, Reykjavík.
 Þóra Þorsteinsdóttir, Týsgötu 4 B, Reykjavík .
 Þórarinn B. Guðmundsson, Miðstræti 5, Reykjavík.
 Þórarinn Kristjánsson, símritari, Mánagötu 22, Reykjavík.
 Þórður Markússon, Ránargötu 8 A, Reykjavík.
 Þórhallur Vilmundsson, Ingólfsstræti 14, Reykjavík.
 Þórhallur Þorláksson, Ránargötu 16, Reykjavík.
 Þórunn Kvaran, frú, Ásvallagötu 7, Reykjavík.
 Ægir Ólafsson, Bókhöldustíg 7, Reykjavík.
 Arnaldur Þór, Reykjum, Mosfellssveit.

Björn P. Blöndal, Hvammstanga.
 Guðrún Sveinsdóttir, Bröttuhlíð, Eskifirði.
 Hreiðar Eiríksson, Reykhúsum, Eyjafirði.
 Ingimundur Jónsson, kaupmaður, Keflavík.
 Jón Hallgrímsson, Reykhúsum, Eyjafirði.
 Jón Jónsson, Laug, Biskupstungum.
 Kristrún Þórðardóttir, Miðhraun, Miklaholtshreppi.
 Kristján H. Jónsson, kaupmaður, Ísafirði.
 Páll Ólafsson, Siglufirði.
 Ragnheiður Árnadóttir, Tröllatungu, Strandasýslu.
 Salvör Jörundsdóttir, Vestri-Leirárgörðum, Borgarfirði.
 Sigurður Gröndal, Valhöll, Þingvöllum.
 Thor Jensen-Brand, Þingvöllum.

Þessi ný héraðsskógræktarfélög hafa gerzt meðlimir í Skógræktarfélagi Íslands á árinu 1943 :

Skógræktarfélag Siglufirðinga, 40 meðlimir.
 Skógræktarfélag Vestur-Barðastrandarsýslu, 32 meðlimir.
 Skógræktarfélag Vestur-Ísfirðinga, 59 meðlimir.

Við síðustu áramót var félagatala þessi:
 Einstakir meðlimir um 980, meðlimir héraðsskógræktarfélaga um 1220 í 11 félögum.

Hér fer á eftir fundargerð auka-aðalfundar, er haldinn var síðastliðið haust:

Skógræktarfélag Íslands.
Auka-aðalfundur 25. nóv. 1943 kl. 9 síðd.

Formaður lýsti tilefni fundarins, sem var aðallega óhjákvæmilegar lagabreytingar.

Framkvæmdarstjóri félagsins, H. Bj. hafði framsögu og gerði grein fyrir tillögum stjórnarinnar um breytingar á lögunum.

Aðalefni þeirra er hækkun félagsgjalda úr kr. 5.00 í, 10.00, og ævifélaga úr 100 kr. í 200 kr. Að félagsgjöld skógræktarfélaga af meðlimum þeirra verði lögð í sérstak-

an sjóð. Loks, að aðalfundur skuli haldnir árlega en ekki annað hvort ár, eins og nú er í lögum.

Atkvæðagreiðsla:

1. Að árstíllag hækki úr 5 í 10 kr. Samþykkt samhljóða.
2. Að ævifélagagjald hækki úr 100 í 200 kr. Samþ. samhlj.
3. Að tillög skógræktarfélaga leggist í sjóð. Samþ. samhlj.
4. Að aðalfundur skuli haldnir árlega. Samþykkt samhlj.

Fossvogsstöðin:

Eftirfarandi tillaga frá Guðmundi Marteinsyni var borin upp:

„Fundurinn ályktar að fela stjórninni, að beita sér fyrir því, að ræktun á landi Skógræktarfélags Íslands í Fossvogi verði framkvæmd með það fyrir augum, að verulegan hluta þess kunni, er stundir líða, að þurfa að nota til uppeldis trjáplantna, en að öðru leyti verði lögð stund á að koma þar upp fögrum trjágróðri.

Verði því, eins fljótt og fjárhagur og aðrar ástæður leyfa, jafnframt plöntuuppeldi í núverandi græðireit, hafizt handa um framræslu landsins og jarðvinnslu, og verði ræktuninni hagað í stórum dráttum sem hér segir:

Skjólbelti úr trjágróðri verði komið upp meðfram öllum jaðri landsins, og síðan verði gróðursett skjólbelti langs og þvers um allt svæðið, samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun, svo að tiltölulega skjólgott verði á öllu svæðinu, þegar stundir líða. Enn fremur sé gert ráð fyrir vegum og stígum um svæðið fyrir umferð og flutning.

Með því að það mun óhjákvæmilega taka mörg ár og hafa mikinn kostnað í för með sér, að framkvæma fyrirætlun þessa, sé landið, jafnóðum og það hefir verið ræst fram og plægt og herfað, leigt undir matjurtagarða, gegn skilyrðum um að garðarnir séu vel hirtir og þeim haldið í góðri rækt. Með þessu vinnst það tvennt, að jörðin verður orðin myldin og væntanlega komin í góða rækt, þegar hún verður tekin til trjáæktar, og að tekjur fást af landinu

jafn skjótt og það hefir verið ræst fram og plægt og herfað einu sinni.

Garðarnir séu ekki leigðir til lengri tíma en þriggja ára í senn, svo að Skógræktarfélagið geti tekið þá í sínar þarfir jafnóðum og það þarf á að halda.

Kosin sé þriggja manna nefnd til þess að gera áætlun og uppdrátt yfir skjólbelta- og vegakerfi í Fossvogsstöðinni, í samráði við stjórnina. Skal áætlun og uppdráttur vera tilbúið fyrir næsta aðalfund.

Greinargerð:

Heildaráætlun um ræktun í Fossvogsstöðinni hefir ennþá ekki verið samín. Töluverður hluti stöðvarinnar er tún að nafninu til, en það er nú komið í mikla órækt, og nokkur hluti stöðvarinnar er alveg óræktað land.

En til þess að geta gert sér vonir um verulega góðan árangur af skógræktarstarfsemi í Fossvogsstöðinni, svo að hún megi verða til fyrirmyndar, verður að teljast nauðsynlegt, að landið verði vandlega undirbúið undir trjárækt, með framræslu, góðri jarðvinnslu í nokkur ár, og ræktun skjólbelta.“

Formaður fór nokkrum orðum um tillögu G. Marteínssonar um Fossvogsstöðina. Var hún síðan samþykkt í einu hljóði.

